

---

# Skólanámskrá Reykjavíðarskóla

---

## Hlutverk grunnskóla

„Hlutverk grunnskóla, í samvinnu við heimilin, er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelltri þróun. Starfshættir grunnskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi. Þá skal grunnskóli leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.

Grunnskóli skal stuðla að vísýni hjá nemendum og efla færni þeirra í íslensku máli, skilning þeirra á íslensku samfélagi, sögu þess og sérkennum, högum fólks og á skyldum einstaklingsins við samfélagið, umhverfið og umheiminn. Nemendum skal veitt tækifæri til að nýta sköpunarkraft sinn og að afla sér þekkingar og leikni í stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið skal leggja grundvöll að frumkvæði og sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfa hæfni þeirra til samstarfs við aðra.

Grunnskóli skal stuðla að góðu samstarfi heimilis og skóla með það að markmiði að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda.“

(Lög um grunnskóla nr. 91/2008, 2. grein )

# Efnisyfirlit

Hlutverk grunnskóla.....	1
I hluti. Stefna og sýn Reykjavíðarskóla .....	5
Um skólann .....	5
Saga og þróun skólans.....	5
Hagnýtar upplýsingar .....	7
Merki skólans .....	7
Stefna Reykjavíðarskóla.....	8
Gildi.....	8
Fagmennska.....	9
Hefðir .....	9
Skólabragur .....	9
Framtíðarsýn.....	10
Kennslu- og uppeldisfræðileg stefna.....	10
Markmið náms í ljósi ákvæða aðalnámskrár.....	10
Grunnþættir menntunar .....	11
Læsi í víðum skilningi.....	12
Menntun til sjálfbærni .....	12
Lýðræði og mannréttindi .....	13
Heilbrigði og velferð .....	13
Jafnrétti.....	14
Sköpun.....	14
Skipulag kennslu .....	14
II hluti. Innra starf skólans .....	15
Foreldrasamstarf.....	15
Heimanám .....	16
Kennsluaðferðir .....	16
Sérfræðiþjónusta.....	17
Skólahjúkrunarfræðingur .....	17

---

Slys og óhöpp á skólatíma.....	18
Líkamlegar skoðanir skv. tilmælum Landlæknis .....	18
Lús.....	19
Fróðleikur .....	19
Nemendaverdarráð .....	20
Námsmat.....	20
Vitnisburður .....	22
Félagslífið.....	22
Skólaferðalag og fjáröflun.....	23
Mötuneyti .....	23
III hluti. Reglur, stefnur og áætlanir.....	23
Agamál .....	23
Skólareglur .....	24
Viðurlög .....	25
Áfallaáætlun .....	26
Aðgerðaráætlun gegn einelti/ofbeldi og félagslegri einangrun .....	28
Einelti getur m.a. birst (listinn er ekki tæmandi).....	31
Möguleg einkenni eineltis .....	31
Fyrirbyggandi aðgerðir gegn einelti .....	32
Viðbragðsáætlun/vinnuferli í eineltismálum .....	33
Jafnréttisáætlun.....	34
Stefnan.....	35
Nemendur .....	37
Öryggis- og slysavarnir .....	42
Óveður.....	42
Neyðarkort.....	42
Slys.....	43
Móttökuáætlun nemenda .....	43
Umhverfisstefna .....	44
Endurmenntunaráætlun starfsfólks Reykjahlíðarskóla.....	45
Tengsl skóla við nærsamfélagið og hvernig nýta má það til náms og þroska.....	45

---

Nám að loknum grunnskóla – tengsl við framhaldsskóla .....	46
Áætlanir um umbætur og þróunarstarf .....	48
Skólar á grænni grein .....	48
Jákvæður agi.....	49
Heilsueflandi skólastarf.....	49
IV huti. Mat á skólastarfi.....	50
Innra mat .....	50
Ytra mat.....	51

## I hluti. Stefna og sýn Reykjahlíðarskóla

### Um skólann

Reykjahlíðarskóli er heildstæður grunnskóli fyrir nemendur sem búa í Mývatnssveit. Við skólann vinnur sérmenntað starfsfólk saman að því að mæta ólíkum einstaklingum með krefjandi verkefnum við hæfi hvers og eins. Unnið er í anda hugmyndafræðinnar um skóla án aðgreiningar og lögð áhersla á að koma til móts við námsþarfir allra nemenda í skólahverfinu. Starfsemi Reykjahlíðarskóla fer fram í tveimur húsum, skólanum sjálfum og íþróttahúsi sem standa við Hlíðaveg. Í skólanum starfa um 50 manns, þar af stunda um það bil 35 nemendur nám. Í skólanum er samkensla töluverð, yfirleitt tveir til þrír árgangar saman. Skólastarf hefst kl. 8:30 alla virka daga og skólahúsið opnað klukkan 8:20. Nemendum er boðið upp á morgunmat og hádegismat í mötuneyti skólans. Einnig fá nemendur ávexti fyrir útifríminútur kl. 10:50 og kl 14:25. Að lokinni kennslu yngri nemenda er boðið upp á frístund. Því fara allir nemendur heim á sama tíma kl. 15:10 mánudaga til fimmtudaga en kl. 12:50 á föstudögum.

### Saga og þróun skólans

Fyrir á öldum mun það hafa tíðkast á ýmsum „betri bæjum“ í sveitinni að heimiliskennari væri fenginn um stundarsakir til að segja börnum og unglingum til, auk hinnar almennu kristindómsfræðslu sem þá var aðallærdómurinn. Á fundi sem haldinn var í nýstofnuðu bindindisfélagi árið 1874 var samþykkt að stofna sérstakt félag „Menntunarfélag Mývetninga“ (síðar kallað Menntafélagið) til að hlúa að menntun og framförum ungmenna í hreppnum. Áhugi var mikill því 90 manns gengu strax í félagið eða hétu því stuðningi. Félagið stóð fyrir skólahaldi í fimm vetur eða til ársins 1881.

Kennt var samtals í 22 vikur og urðu nemendur alls um 60 talsins. Af ýmsum ástæðum dofnaði yfir skólahaldinu áður en yfir lauk en úrslitum réðu að líkindum kuldarnir miklu eftir 1880.

Árið 1883 var starfsemi félagsins breytt og farið var að kaupa erlendar bækur sem gengu á milli félagsmanna. Hést svo fram yfir 1890 en þá afhenti félagið Lestrarfélagi Mývetninga bókakost sinn. Eftir að Þinghúsið var reist á Skútustöðum árið 1897 var haldinn þar unglingaskóli flesta vetur um og eftir aldamótin 1900. Með setningu fræðslulaganna 1907 var stofnað til farskóla í sveitinni og næstu fjóra áratugina var hann til skiptis á ýmsum bæjum í sveitinni. Árið 1947 var komið á föstu skólahaldi, fyrst í Baldursheimi en næstu árin í Reykjahlíð. Þá var skólinn til nokkurra ára í prestshúsinu á Skútustöðum og frá 1955 í Skjólbrekku. Um áramótin 1962 til '63

fluttist skólinn í nýtt sérbyggt skólahúsnæði sem valinn hafði verið staður á landamerkjum Álftagerðis og Skútustaða.

Í skólanum var starfrækt heimavist til ársins 1977 þegar daglegur akstur hófst með alla nemendur í sveitinni. Vegna vaxandi þéttbýlis í Reykjavíð var farið að kenna yngstu nemendum þar árið 1970 og haustið 1993 var tekið þar í notkun nýtt skólahúsnæði. Í fyrstu var kennt á báðum stöðunum en árið 1996 fluttist skólinn alfarið í Reykjavíð (Tekið úr Árbók Ferðafélags Íslands 2006).

Frá 1993 hefur Tónlistarskóli Mývatnssveitar starfað í sama húsnæði og nemendur sækja tónlistartíma á skólatíma, þegar því verður við komið.

Árið 1996 lagaðist aðstaða nemenda til íþróttaiðkunar þegar íþróttahús var byggt við sundlaugina.

Reykjavíðarskóli varð skóli á grænni grein í október 2006 og steig skrefin sjö að því að fá Grænfánann sem er viðurkenning Landverndar fyrir vinnu að umhverfismálum í skólanum. Grænfáninn var afhentur formlega í fyrsta sinn vorið 2008. Hann var afhentur í annað sinn í september 2010 og í þriðja sinn í febrúar 2012.

Árið 2006 fór skólinn að starfa eftir Olweusaráætluninni. Í dag er starfað í anda stefnunnar.

Árið 2007 var nafni skólans breytt úr „Grunnskóli Skútustaðahrepps“ í „Reykjavíðarskóli“.

Í október 2008 var sparkvöllur formlega tekinn í notkun við skólann.

Frá skólaárinu 2008–2009 hefur Uppeldi til ábyrgðar verið á stefnuskrá Reykjavíðarskóla.

Árið 2011 byrjaði Reykjavíðarskóli í byrjendalæsi, sem er kennsluáferð ætluð yngri börnum. Kennsluáferðin hefur verið mótuð og þróuð við Skólaþróunarsvið Háskólans á Akureyri. Eitt helsta markmið Byrjendalæsis er að börn nái góðum árangri í læsi sem allra fyrst á skólagöngu sinni. Frá byrjun skólaárs 2018 hefur verið unnið eftir lestrarstefnu skólans.

Frá skólaárinu 2013 hefur Jákvæður agi verið á stefnuskrá Reykjahlíðarskóla og starfar hann í anda stefnunnar og um leið hætti að starfa í anda Uppeldi til ábyrgðar.

Í ársbyrjun 2014 hóf Reykjahlíðarskóli innleiðingu á Heilsueflandi grunnskóla.

Haustið 2016 var reist viðbygging norðan við skólann og Leikskólinn Ylur flutti alla starfsemi sína í Reykjahlíðarskóla.

Haustið 2017 var hjólabraut sett upp við skólann.

Sumarið 2018 var ærslabelg komið upp við skólann.

Vorið 2020 kom strandblaksvöllur við íþróttavöllinn.

Í gegnum árin hefur verið lögð rík áhersla á dans, söng og leiklist í skólastarfinu.

### Hagnýtar upplýsingar

Símanúmer Reykjahlíðarskóla er: 464 - 4375(skiptiborð)

Netfang skólans er: [reykjahlidarskoli@reykjahlidarskoli.is](mailto:reykjahlidarskoli@reykjahlidarskoli.is)

Önnur símanúmer:

Íþróttamiðstöð: 464-4225

Heimasíða skólans er: <http://www.reykjahlidarskoli.is>. Þar má finna fjölbreyttar upplýsingar um skólastarfið, auk tengla á gagnlegar slóðir fyrir nemendur, kennara og foreldra.

### Merki skólans

Skólaárið 2007 – 2008 var haldin hugmyndasamkeppni meðal nemenda um merki skólans.

Búið var til eitt merki úr tveimur hugmyndum.



## Stefna Reykjahlíðarskóla

Reykjahlíðarskóli er grunnskóli þar sem grundvöllur starfsins er fræðsla og uppeldi sem byggir á Aðalnámskrá grunnskóla. Í lögum um grunnskóla frá 2008 segir að markmið grunnskóla, í samvinnu við heimilin, sé að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Grunnskólinn á að leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. Skólinn skal stuðla að góðu samstarfi við heimilin með það að leiðarljósi að tryggja farsælt skólastarf. Starfshættir skólans eiga að mótast af umburðarlyndi, kærleika, kristilegri arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildum. Það er stefna skólans að öllum líði vel og að þeir nái árangri.

### Gildi

Í Reykjahlíðarskóla starfa nemendur og starfsfólk saman undir einkunnarorðunum *virðing*, *velliðan*, *árangur*. Skólastarfið byggir á þessum orðum sem fela í sér lífsleikni í sínum víðasta skilningi og leggur grunninn að skólastarfinu.

### Virðing

Lögð er áhersla á virðingu í víðtækum skilningi: Sjálfsvirðingu nemenda, virðingu fyrir öðrum nemendum og starfsfólki, virðingu fyrir eigin eigum og annarra, virðingu fyrir fólki með mismunandi bakgrunn og skoðanir.

Virðingu fyrir náttúrunni: nemendur læri að meta og þekkja íslenska náttúru þannig að þeir kunni að njóta hennar og nýta á skynsamlegan hátt.

Virðing á að einkenna öll samskipti í Reykjahlíðarskóla.

### Velliðan

Lögð er áhersla á að öllum líði vel, skólinn sé öruggur staður þar sem unnið er að velliðan nemenda í samvinnu við foreldra og aðra aðila.

Til að árangur skólastarfsins verði sem bestur er nauðsynlegt að nemendum líði vel andlega, líkamlega og félagslega. Forsenda þess að öllum líði vel í skólanum er að samskipti séu góð. Til að svo sé þarf að ríkja trúnaður, umburðarlyndi og virðing fyrir verkum og skoðunum annarra, jafnt innan skólans sem utan.

Lögð er áhersla á gott viðmót í Reykjahlíðarskóla. Andrúmsloftið á að vera hvetjandi og hlúa að velferð einstaklinganna sem mynda skólasamfélagið.



Lögð er áhersla á samvinnu heimilis og skóla og virkt foreldrasamstarf. Einnig er lögð áhersla á tengsl við grenndarsamfélagið.

Skólahúsnæði og umhverfi hans verður að vera þannig að foreldrar þurfi ekki að óttast um öryggi barna sinna.

Nauðsynlegt er að forráðamenn hafi samband við skólann ef breytingar verða sem gætu haft áhrif á líðan nemenda.

### Árangur

Áhersla er lögð á að nemendur nái sem bestum árangri í námi og leik.

Árangursríkt skólastarf byggir á góðri samvinnu og gagnkvæmu trausti heimilis og skóla.

Forráðamenn nemenda þekkja börnin sín best og því er nauðsynlegt að þeir hafi samband við umsjónarkennara og/eða skólastjóra þegar þeir telja þörf á.

### Fagmennska

Í Reykjavíðarskóla er lögð áhersla á símenntun starfsfólks og um leið aukna fagmennsku og framsækið skólastarf. Það skilar sér í fjölbreyttum náms- og kennsluáðferðum til að mæta betur þörfum hvers og eins nemanda, bæði í bóklegu og verklegu námi. Í skólanum eru þróunarverkefni af ýmsu tagi þáttur í innra starfi skólans. Skólastarfið er í sífelldri endurskoðun með sjálfsmatsvinnu starfsfólks, nemenda og foreldra.

### Hefðir

Ríkar hefðir móta skólastarfið í Reykjavíðarskóla. Þær felast í viðburðardögum af ýmsu tagi: árshátíð, Litlu jól, þorrablót, þemadagar, útivist og skólaferðir. Markmið hefðanna er meðal annars að skapa skólanum sérstöðu, viðhalda siðum, efla samskipti nemenda og samkennd, sjálfstraust þeirra og virðingu fyrir öðrum. Í skólastarfi Reykjavíðarskóla eru allir nemendur þjálfaðir í að koma fram og taka þátt í uppsetningu leikverka á sviði fyrir áhorfendur. Danskennsla og söngur er fastur liður hjá öllum nemendum. Tjáning, framsögn og framkoma eykur sjálfstraust, öryggi og styrkir sjálfsmynd nemenda.

### Skólabragur

Í Reykjavíðarskóla er áhersla lögð á jákvæð samskipti þar sem sameiginleg markmið og gildi eru í hávegum höfð. Allir geta lært og tekið framförum og endurspeglast sú vitneskja í viðhorfum og störfum starfsmanna. Leitað er allra leiða til að hver nemandi nái sínum besta árangri og taki stöðugum framförum í námi. Innra starf skólans er metið reglulega og taka

starfsfólk, nemendur og foreldrar þátt í því. Gerð er umbótaáætlun til að laga það sem betur má fara.

Nemendum er gerð grein fyrir mikilvægi þátttöku þeirra í mótun jákvæðs skólabrags. Hver einstaklingur/nemandi ber ábyrgð í samræmi við aldur og þroska. Ætlast er til góðrar umgengni af nemendum og þeir sýni kurteisi og góða framkomu. Mikil áhersla er lögð á að traust ríki milli allra í skólanum, einnig á milli skóla og heimila. Hefðir og siðir í skólastarfinu, þar sem reglubundið skólastarf er brotið upp, eiga stóran þátt í að viðhalda og móta góðan skólabrag.

Stjórnendur og starfsfólk skólans leggja sig fram um að skapa jákvæðan skólabrag í skólanum með það að markmiði að skilyrði til uppeldis og menntunar nemenda og almennrar velferðar þeirra séu sem best.

### Framtíðarsýn

Framtíðarsýn skólans er að stuðla að vel heppnuðu skólastarfi með sérstakri áherslu á að koma til móts við hvern og einn nemanda þannig að hann verði sjálfstæður, sjálfsöruggur og lífsglaður. Mikilvægt er að gott samstarf sé milli skólans, heimila og samfélagsins alls.

### Kennslu- og uppeldisfræðileg stefna

Í Reykjavíðarskóla er lögð áhersla á að skólinn sé aðlaðandi vinnustaður þar sem nemendum og starfsmönnum líði vel í leik og starfi. Í skólastarfinu er lögð áhersla á að allir starfsmenn vinni náið saman að velferð nemenda. Kennarar beita fjölbreyttum kennsluáðferðum og hafa miklar væntingar til nemenda. Lögð er áhersla á gagnkvæma virðingu nemenda og starfsmanna og jákvæðan skólabrag. Hvatt er til skapandi hugsunar og frjálsrar tjáningar og í því skyni er reynt að stuðla að blómlegri listkennslu í öllum árgöngum. Skólinn starfar í anda Olweusar um eineltismál og hefur gert það síðan árið 2006. Árið 2013 hófum við að starfa í anda uppeldisstefnunnar Jákvæður agi.

### Markmið náms í ljósi ákvæða aðalnámskrár

Frumábyrgð á uppeldi og menntun hvílir á foreldrum. Hlutverk grunnskólans felst einkum í því að sjá nemendum fyrir formlegri fræðslu og taka þátt í félagslegri mótun þeirra. Þetta sameiginlega verkefni kallar á nán tengsl, gagnkvæmt traust, gagnkvæma upplýsingamiðlun, samábyrgð og samvinnu.

2. gr. *Markmið*. Hlutverk grunnskóla, í samvinnu við heimilin, er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelltri þróun. Starfshættir grunnskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleifð íslenskrar menningar,

jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi. Þá skal grunnskóli leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. Grunnskóli skal stuðla að víðsýni hjá nemendum og efla færni þeirra í íslensku máli, skilning þeirra á íslensku samfélagi, sögu þess og sérkennum, högum fólks og á skyldum einstaklingsins við samfélagið, umhverfið og umheiminn. Nemendum skal veitt tækifæri til að nýta sköpunarkraft sinn og að afla sér þekkingar og leikni í stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið skal leggja grundvöll að frumkvæði og sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfra hæfni þeirra til samstarfs við aðra. Grunnskóli skal stuðla að góðu samstarfi heimilis og skóla með það að markmiði að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda.

Skólinn setur nemendum ákveðin námsmarkmið í hverri grein og skulu þau vera sniðin að þörfum nemenda. Nemendur eiga að geta farið mismunandi leiðir að því að ná markmiðunum og skulu þeir leggja sig fram um að ná þeim.

Skólinn gerir kröfur um ástundun og vönduð vinnubrögð með því að:

- stuðla að gagnrýnni og sjálfstæðri hugsun hjá einstaklingum,
- efla sjálfstraust og heilbrigðan metnað,
- stuðla að umburðarlyndi og virðingu fyrir náunganum og umhverfinu.

### Grunnþættir menntunar

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla 2011 eru sex grunnþættir menntunar lagðir til grundvallar í öllu námi. Þeir eru: *læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun*. Í starfi Reykjavíðarskóla er leitast við að hafa þá að leiðarljósi í efnisvali og inntaki náms, kennslu og leiks. Grunnþættirnir eru settir fram til þess að leggja áherslu annars vegar á samfélagsleg markmið og hins vegar á markmið sem varða menntun sérhvers einstaklings. Í skólastarfinu er því mikilvægt að skipuleggja starfið þannig að nemendur læri að tengja saman viðfangsefnin og að þeir sjái þannig tilgang í því starfi sem fram fer í skólanum.

Sá skilningur sem lagður er í hvert orð eða hugtak grunnþáttanna á að vera rúmur og lögð er áhersla á að þættirnir séu samtvinnaðir hverjir öðrum og skólastarfinu öllu. Lögð er áhersla á að kennsla og starfshættir innan skólans fléttist saman við það viðhorf að markmið menntunar sé að gera nemendur hæfa til að spjara sig í daglegu lífi. Hlutverk kennara er að taka frumkvæði

að breytingum á skólastarfi og stuðla að því að nemendur verði þar virkir þátttakendur. Þannig miðar almenn menntun að því að efla hæfni nemenda til að leysa hlutverk sín í samfélagi nútímans en hæfnin byggir fyrst og fremst á þekkingu þeirra og leikni.

### Læsi í víðum skilningi

Með læsi í víðum skilningi er bæði átt við tæknina sem felst í því að kunna að lesa og skrifa texta, þ. m. t. að nýta sér þá miðla og upplýsingatækni sem völ er á í þjóðfélaginu hverju sinni, sem og hina yfirfærðu merkingu þess að geta lesið í umhverfið og margvíslegar félagslegar aðstæður. Átt er við læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Þannig skal stefnt að því að nemendur öðlist hæfni til að skynja og skilja umhverfi sitt á gagnrýninn hátt og taka þátt í að móta það.

Í Reykjahlíðarskóla hafa lestur, ritun og tjáning mikið vægi. Nemendur fá þjálfun í öflun upplýsinga, greiningu á þeim, túlkun og miðlun. Nemendur læra hugtök og lögð er áhersla á notkun þeirra í réttu samhengi og yfirfærslu á ólík fyrirbæri í samfélaginu og umhverfinu. Á yngsta stigi læra nemendur samkvæmt hugmyndafræði *Byrjendalæsis*. Nemendur 7. bekkjar taka árlega þátt í Stóru upplestrarkeppninni. Allir nemendur skólans taka þátt í lestrarátaki undir yfirskriftinni *yndislestur*. Hvatt er til frjáls lestrar nemenda á öllum stigum skólans.

### Menntun til sjálfbærni

Í sjálfbærnimenntun felst viðleitni til að skapa samábyrgt samfélag þar sem sérhver einstaklingur er þroskaður sem virkur borgari, meðvitaður um gildi, viðhorf og tilfinningar sínar. Í sjálfbærnimenntun felst einnig að börn og ungmenni takist á við margvísleg álitamál og ágreiningsefni í námi sínu. Sjálfbærni snýst um umhverfið, ábyrgð, virðingu, lýðræðisleg vinnubrögð og réttlæti í nútíma þjóðfélagi og gagnvart komandi kynslóðum.

Í Reykjahlíðarskóla eru nemendur hvattir til gagnrýnnar umfjöllunar um viðfangsefni. Þeir fá ýmis tækifæri til að vege og meta það námsefni sem verið er að fást við hverju sinni og draga ályktanir út frá því. Miðað er að því að gera nemendum kleift að takast á við viðfangsefni er lúta að samspili umhverfis og félagslegra þátta í þróun samfélags. Lögð er áhersla á að efla með nemendum siðferðisleg gildi, virðingu og gagnrýna hugsun varðandi hnattræn áhrif okkar og að nemendur geri sér grein fyrir að viðbrögð á heimaslóð skipti ekki síður máli en þátttaka á heimsvísu. Áhersla er lögð á náms- og starfsfræðslu sem stuðlar að því að gera nemendur meðvitaða um þá möguleika sem í boði eru að loknum grunnskóla. Nemendur eru hvattir til að taka ákvörðun um framhaldið með gagnrýninni hugsun og mati á eigin gildum og

framtíðaráformum. Stuðlað er að þekkingu nemenda á framhaldsskólakerfinu og atvinnulífinu, meðal annars með fræðslu og heimsóknum í framhaldsskóla og fyrirtæki. Þessi fræðsla fer einkum fram í samfélagsgreinum og lífsleikni. Nemendur skólans taka einnig virkan þátt í Grænánaverkefningu (sjá Áætlun um umbætur og þróunarstarf) .

### Lýðræði og mannréttindi

Gagnrýnin hugsun og ígrundun um grunngildi samfélagsins eru hornsteinn lýðræðis- og mannréttindamenntunar sem skólum landsins er ætlað að rækta skv. aðalnámskrá grunnskóla 2011. Virðing fyrir mannréttindum, viðhorf, gildismat og siðferði eru ríkir þættir í lýðræðismenntun. Skólar þurfa að mennta börn til að búa í lýðræðisþjóðfélagi svo og að iðka starfshætti sem byggja á lýðræði og mannréttindum í öllu skólastarfi. Skólasamfélagið allt þarf að finna til samábyrgðar, meðvitundar og virkni til að svo megi verða.

Í Reykjavíðarskóla er markvisst unnið að því að fá einstaklinga og nemendahópa til að taka afstöðu til siðferðilegra álitamála. Hver einstaklingur hefur möguleika á að taka þátt í mótun skólastarfsins með gagnrýninni og opinni samræðu. Bekkjafundir eru haldnir reglubundið hjá öllum árgöngum og eru m.a. vettvangur þeirrar samræðu. Námsáætlun í lífsleiknikennslu leggur m.a. áherslu á lýðræðis- og mannréttindamenntun og virkni nemenda til ígrundunar. Í skólastarfinu er lögð áhersla á þjálfun lýðræðislegra vinnubragða, bæði í almennu námi og í félagsstörfum. Reynt er að höfða til áhuga nemenda og vilja þeirra til þess að taka virkan þátt í skólastarfinu og samfélaginu á jákvæðan hátt.

### Heilbrigði og velferð

Skólar þurfa að leggja grunn að líkamlegri, andlegri og félagslegri velferð nemenda til lífstíðar. Umhverfi skóla þarf að vera heilsueflandi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði hvers og eins. Nemendur þurfa markvisst hreyfiuppeldi þar sem lögð er áhersla á fræðslu, að efla hreyfifærni og að hvetja nemendur almennt til hreyfingar. Í skólanum er góð aðstaða til íþróttaiðkunar. Mennta þarf nemendur og styðja þá þannig að þeir geti tekið upplýstar og ábyrgar ákvarðanir í tengslum við eigið heilbrigði. Allir nemendur þurfa að fá tækifæri til að njóta styrkleika sinna. Með skýrum markmiðum skóla um líkamlegt, andlegt og félagslegt heilbrigði nemenda er stuðlað að jákvæðum skólabrag, bættum námsárangri og vellíðan nemenda.

Unnið er skv. ráðleggingum Embættis landlæknis um næringu og hollustu í mótuneyti skólans. Öflugt stoðkerfi og rík hefð fyrir teymisvinnu um málefni nemenda stuðlar að velferð hvers einstaklings. Nemendur fá reglubundna fræðslu um heilbrigði og velferð, m.a. í náttúrufræði og

frá skólahjúkrunarfræðingi. Skólinn hefur aðgang að náms- og starfsráðgjafa sem nemendur geta leitað til með hugðarefni sínu. Í lífsleiknikennslu í öllum árgöngum er unnið að heilbrigði og velferð nemenda s.s. að eflingu jákvæðrar sjálfsmyndar og góðra samskipta. Mikil áhersla er einnig lögð á góð samskipti heimila og skóla sem almennt stuðlar að velferð nemenda.

## Jafnrétti

Öll viðfangsefni skólastarfs eiga að grundvallast á jafnræði og jafnrétti. Efla þarf skilning nemenda á stöðu kynjanna í nútíma þjóðfélagi og búa bæði kynin jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, hvort heldur sem er í einkalífi, fjölskyldulífi eða atvinnulífi. Jafnréttismenntun vísar til inntaks kennslu, kennsluhátta og námsumhverfis og áhersla skal lögð á umburðarlyndi og víðsýni gagnvart ólíkri menningu, þjóðerni, trúarbrögðum, lífsskoðunum, kynhneigð og fötlun. Í öllu skólastarfi Reykjahlíðarskóla er markvisst unnið með jafnrétti, meðal annars í lífsleiknitímum, og þess gætt að allir nemendur hafi jöfn tækifæri til náms og þroska og þátttöku í félagslífi. Nemendum er kynnt málefni hinna ýmsu þjóðfélagshópa og hvatt er til jákvæðni og umburðarlyndis gagnvart fjölbreytileika mannlífsins.

## Sköpun

Sköpun í skólastarfi felst í því að móta viðfangsefni sem örva hugmyndaflug einstaklings eða hóps, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi hefur áður gert og miðla til annarra. Sköpunarferlið er ekki síður mikilvægt en afraksturinn. Áhersla er lögð á að nemendur öðlist sem dýpstan skilning á því sem þeir eru að fást við í náminu með skapandi starfi, verklegri færni og nýsköpun. Hvetja skal til gagnrýnninnar hugsunar í öllu starfi og öllum námsgreinum sem leiða mun til frumkvæðis, frumleika og sjálfstæðis í vinnubrögðum.

Í Reykjahlíðarskóla er áhersla lögð á sköpun, frumkvæði og frumleika við margvísleg verkefni. Útfærsla og afrakstur einstakra verkefna byggir oft á sköpun og hugmyndaflugi nemenda. Leiklist, söngur og dans eru stórir þættir í skólastarfinu, en allir nemendur skólans eru markvisst þjálfaðir í að taka þátt í uppsetningu leikverka og koma fram á sviði.

## Skipulag kennslu

Við skipulag kennslu er haft að leiðarljósi að mæta námsþörfum nemenda til að þeir tileinki sér þekkingu, leikni og jákvætt viðhorf svo þeir öðlist þá hæfni sem stefnt er að í námi. Lögð er áhersla á að koma til móts við nemendur á forsendum hvers og eins. Reynt er að velja viðfangsefni og verkefni af kostgæfni sem eru hæfilega krefjandi til að gera öllum nemendum kleift að ná hámarks námsárangri. Lögð er áhersla á að flétta grunnþættina sex inn í skólastarfið.

Enn fremur er markviss áhersla lögð á samvinnu nemenda. Nemendum er gerð grein fyrir viðfangsefnum og markmiðum þeirra og leiðum til að uppfylla þau. Á grundvelli sameiginlegra gilda sköpum við hvetjandi námsumhverfi þar sem notaðar eru fjölbreyttar náms- og kennsluáferðir.

Reynt er eftir fremsta megni að samþætta tölvu- og upplýsingamennt í námi við allar námsgreinar eins og búnaður á hverjum tíma leyfir. Leggja ber áherslu á að auka samþættingu námsgreina enn frekar.

## II hluti. Innra starf skólans

### Foreldrasamstarf

Upplýsingagjöf milli heimila og skóla og samráð kennara og foreldra um nám og kennslu er mikilvæg forsenda fyrir árangursríku skólastarfi.

Foreldrum og skóla ber að hafa samstarf samkvæmt lögum um grunnskóla. Foreldrar bera meginábyrgð á uppeldi barna sinna og ber að sjá til þess að þau séu móttækileg fyrir þeirri menntun sem skólinn annast.

Hlutverk grunnskólans er í samvinnu við heimilin að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelltri þróun. Í samvinnu við heimilin skal skólinn leggja áherslu á að efla siðferðisvitund og ábyrga hegðun nemenda. Skapa þarf jákvæðan starfsanda og leysa mál friðsamlega, af umburðarlyndi og virðingu við alla sem í hlut eiga.

Samstarf heimila og skóla sem byggist á gagnkvæmri virðingu, trausti, samábyrgð og góðri upplýsingamiðlun stuðlar að velferð nemenda. Starfsfólk skóla og foreldrar þurfa að leitast við að vera nemendum góðar fyrirmyndir.

Skólinn leggur grunn að samstarfi heimilis og skóla frá upphafi skólagöngu. Heimili og skóli vinna í sameiningu að þroska og velferð barna. Mikilvægt er að kennarar og foreldrar beri gagnkvæmt traust hver til annars og geti rætt í trúnaði um málefni barnsins.

Samskipti heimilis og skóla hafa m.a. þann tilgang að miðla upplýsingum á báða bóga:

- skólinn þarf að fá upplýsingar um breytingar sem verða hjá fjölskyldunni s.s. skilnað foreldra, andlát í fjölskyldu og önnur áföll sem kunna að hafa áhrif á barnið, svo og



veikindi og lyfjanotkun. Skólinn skal gefa upplýsingar um gengi barnsins; námslega, tilfinningalega og félagslega,

- samskipti fara fram með ýmsum hætti s.s. foreldrafundir, foreldraviðtöl, bekkjarfundir, símtöl, mentor, tölvusamskipti, heimasíða, fréttabréf og vikuáætlanir. Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári. Umsjónarkennari eða foreldrar geta óskað eftir fundum um málefni nemanda eða nemendahópa eftir þörfum,
- skólinn gefur út skólanámskrá sem hægt er að nálgast á heimasíðu skólans [www.reykjahlidarskoli.is](http://www.reykjahlidarskoli.is) þar er einnig að finna upplýsingar um skólastarfið í heild,
- fjarvera foreldra frá heimilum til lengri eða skemmri tíma,
- skipaðir eru bekkjarfulltrúar sem hafa umsjón með félagsstarfi bekkjarins utan skóla,

skólinn er ætíð opinn foreldrum til að fylgjast með kennslu. Foreldrum ber að gæta trúnaðar um það sem þeir kunna að heyra eða sjá um nemendur eða skólasamfélagið.

## Heimanám

Heimanám er fastur liður í skólastarfinu alla daga og skal aukast eftir því sem þroski og geta nemenda eykst. Markmið þess er að styrkja það nám sem fram fer í skólanum á hverjum tíma, hjálpa nemendum við að tileinka sér góðar vinnuvenjur og gefa þeim tækifæri til sjálfstæðs náms eftir því sem hæfir getu þeirra, áhuga og þroska. Nemendur læri að nota skóladagbækur til að halda utan um heimanám sitt. Einnig er Mentor notaður til að skrá inn heimanám.

Með markvissu heimanámi taka nemendur aukna ábyrgð á eigin námi og þjálfa þau atriði sem þeir læra í skólanum. Heimanám er ekki notað til að jafna stöðu nemenda í námsbókum eða í umbunar og/eða hegningarskyni. Það skal ákveðið fyrir fram og þarf ekki að vera það sama fyrir alla nemendur. Ef árangur á að nást í heimanámi verða foreldrar, nemendur og kennarar að vinna saman. Mikilvægt er að skýrt sé til hvers er ætlast af hverju barni og þau hvött og aðstoðuð við að temja sér aga gagnvart heimanáminu.

## Kennsluaðferðir

Kennsluaðferðir skulu vera sem fjölbreyttastar. Með þeim skal leitast við að koma til móts við mismunandi námsgetu, námsþarfir, námshætti og áhugasvið nemenda og gera námið lifandi og áhugavert.

Kennsluaðferð er það skipulag sem kennari hefur á kennslu sinni, samskiptum við nemendur, viðfangsefnum og námsefni í því skyni að nemendur læri það sem stefnt er að. Kennsla miðar



að því að nemendur nái þeim markmiðum sem sett eru. Kennsla er því leið að fyrirfram settu marki.

### Sérfræðiþjónusta

Skólinn nýtur sérfræðiþjónustu frá Skólaþjónustu Norðurþings. Markmið þjónustunnar er að veita markvissa og heildtæka þjónustu á þverfaglegum grunni til að mæta þörfum barna og fjölskyldna þeirra. Sérfræðingar skólaþjónustunnar veita margháttaða ráðgjöf og þjónustu við skólann. Í ráðgjöf og þjónustu felast sálfræðilegar athuganir og ráðgjöf, ráðgjöf vegna sérkennslu, kennslu- og leikskólaráðgjöf, unglunga- og félagsráðgjöf.

Ráðgjöf, hvort sem um er að ræða ráðgjöf vegna einstaklingsmála eða samstarfsverkefni á sviði skólaþróunar, er veitt samkvæmt tilvísunum eða beiðnum. Skólaþjónustan leggur skimanir fyrir nemendur, vinnur úr þeim og leiðbeinir kennurum og foreldrum með það sem betur má fara.

### Skólahjúkrunarfræðingur

Hlutverk heilsugæslu í skólum er að sinna heilsuvernd nemenda og hún er framhald af ung- og smábarnavernd. Starfsemi heilsuverndar grunnskólabarna er skv. lögum, reglugerðum og tilmælum sem um hana gilda. Hún er meðal annars fólgin í reglubundnum skimunum og eftirliti, ónæmisadgerðum, heilbrigðisfræðslu og teymisvinnu kringum einstök mál.

Hjúkrunarfræðingur Reykjahlíðarskóla er Ingibjörg Lukka Stefánsdóttir. [ingibjorgs@hsn.is](mailto:ingibjorgs@hsn.is)

Markmiðið með heilsugæslu í skólum er að stuðla að því að börn fái að þroskast við bestu andlegu, líkamlegu og félagslegu skilyrði sem völ er á. Til þess að vinna að markmiði þessu er fylgst með börnunum svo að möguleg frávik finnist og viðeigandi ráðstafanir verði gerðar sem fyrst. Áhersla er lögð á að fyrst og fremst beri foreldrar ábyrgð á heilsu og þroska barna sinna, en starfsfólk heilsugæslu í skólum fræði, hvetji og styðji foreldra í hlutverki sínu. Á heimasíðu Landlæknis má finna nánari upplýsingar um heilsuvernd grunnskólabarna, bólusetningar (ónæmisadgerðir), skimanir (skólaskoðun) og ráðleggingar til foreldra um heilbrigðistengd málefni.

Skipulögð heilbrigðisfræðsla og hvatning til heilbrigðra lífshátta verður unnin eftir því sem unnt er. Byggt er á hugmyndafræðinni um 6-H heilsunnar sem er verkefni Embættis landlæknis og Lýðheilsustöðvar.

<http://www.heilsuvera.is>

<http://www.landlaeknir.is/>

<http://www.hsn.is>

## Slys og óhöpp á skólatíma

Hjúkrunarfræðingur veitir fyrstu hjálp þegar alvarlegri slys verða í skólanum og er starfsfólki skólans til stuðnings og ráðgjafar þegar upp koma veikindi og slys hjá nemendum, á þeim tíma sem hjúkrunarfræðingur er við störf.

Ef smáslys eða óhapp verður á skólatíma sér starfsfólk skólans um fyrstu hjálp.

Þurfi nemandi að fara á heilsugæslustöð eða slysadeild skulu foreldrar/forráðamenn fara með barninu. Því er mikilvægt að skólinn hafi öll símanúmer þar sem hægt er að ná í foreldra á skólatíma barnsins.

## Líkamlegar skoðanir skv. tilmælum Landlæknis

**1. bekkur** Hæð, þyngd, sjón og lífsstílsmat.

Hafi börnin ekki farið í fjögurra ára skoðun eru börnin bólusettt við stífkrampa, barnaveiki og kíghósta í samráði við foreldra, hafi þau ekki fengið þessa bólusetningu.

**4. bekkur** Hæð, þyngd, sjón og lífsstílsmat.

**7. bekkur** Hæð, þyngd, sjón og lífsstílsmat. Bólusetning gegn mislingum, rauðum hundum og hettusótt. Stúlkur fá einnig Cervarix ( HPV-bólusetning til varnar leghálskrabbameini) x2 um veturinn.

**9. bekkur** Hæð, þyngd, sjón og lífsstílsmat. Bólusetting gegn barnaveiki, stífkrampa, kíghósta og mænusótt.

Börn í öllum bekkjum eru mæld og skoðuð eftir þörfum.

Foreldrar/forráðamenn bera ábyrgð á líðan og heilbrigði barna sinna. Góð samvinna og gott upplýsingaflæði er mikilvægt til að starfsfólk heilsugæslu geti sinnt starfi sínu sem best. Því eru foreldrar hvattir til að hafa samband við hjúkrunarfræðing skólans ef einhverjar breytingar verða hjá barninu sem gætu haft áhrif á andlegt, líkamlegt eða félagslegt heilbrigði þess. Að sjálfsögðu er fyllsta trúnaðar gætt um mál einstakra nemenda.

Vilji foreldrar/forráðamenn fá upplýsingar um einstök atriði, hvað varðar heilsugæsluna er þeim velkomið að hafa samband við hjúkrunarfræðing skólans [ingibjorgs@hsn.is](mailto:ingibjorgs@hsn.is)

Ef foreldrar/forráðamenn vilja ekki að börn þeirra taki þátt í einhverju af því sem heilsugæslan býður nemendum upp á, eru þeir beðnir um að hafa samband við hjúkrunarfræðing sem fyrst. Ef ekkert heyrir frá foreldrum verður litið á það sem samþykki.

## Lús

Við viljum minna fólk á að skoða reglulega hár barna sinna og láta hjúkrunarfræðing/skólann vita ef lús finnst. Nánari upplýsingar um lúsina er að finna á heimasíðu Embætti landlæknis.

Hjúkrunarfræðingar grunnskólanna kemma ekki börnum í skólanum.

### Verklagsreglur varðandi lúsina

Þegar lús kemur upp í bekk/jum þá sendir hjúkrunarfræðingur eða starfsmaður skólans bréf heim (rafrænt) til nemenda viðkomandi árgangs þar sem tilkynnt er að lús hafi komið upp í árganginum og foreldrar beðnir um að skoða og kemma. Einnig eru sendar heim leiðbeiningar um lúsameðferð.

Jafnframt þessu er sent bréf (rafrænt) heim til allra nemenda og tilkynnt að það hafi komið upp lús í skólanum. Ef barn greinist með lús er æskilegt að barnið sé heima daginn eftir meðferð.

## Fróðleikur

Foreldrar/forráðamenn bera ábyrgð á líðan og heilbrigði barna sinna. Við viljum benda foreldrum/forráðamönnum barna á mikilvægi þess að þau fái nægan svefn, hvíld og neyti morgunverðar. Skorti þetta fá þau ekki notið þeirrar kennslu og þess starfs sem fram fer í skólanum. Svengd og skortur á svefni og hvíld leiða til þreytu. Börnin þola ekki langa setu og hætt er við að námsefnið fari fyrir ofan garð og neðan.

Að gefnu tilefni viljum við benda á að mikilvægt er að taka lýsi og D-vítamín yfir vetrarmánuðina.

Hæfilegur svefntími er talinn vera:

5-8 ára börn u.þ.b. 10-12 klst. á sólarhring.

9-12 ára börn u.þ.b. 10-11 klst. á sólarhring.

13-15 ára börn u.þ.b. 9-11 klst. á sólarhring.

Heilsuvefurinn <http://www.heilsuvera.is> er samstarfsverkefni Heilsugæslu höfuðborgarinnar og Embætti landlæknis. Markmiðið með þessum heilsuvef er að börn, unglingar og foreldrar hafi áreiðanlegar upplýsingar frá fagfólki um heilsutengda þætti.

6h heilsunnar byggir á sex hugtökum sem byrja öll á h og þau eru; hollusta, hreyfing, hamingja, hugrekki, hvíld og hreinlæti. Sjöunda hugtakið sem er kynheilbrigði hefur skírskotun í tölustafinn 6. Heilbrigðisfræðsla skólahjúkrunarfræðinga byggir á þessari hugmyndafræði og því þekkja skólabörn vel 6h heilsunnar.

## Nemendaverdarráð

Í 40. grein grunnskólalaga 2008 segir m.a. :

„Skólastjóri skal samræma innan hvers skóla störf þeirra sem sjá um málefni einstakra nemenda er lúta að sérfræðipjónustu, námsráðgjöf og skólaheilsugæslu með stofnun nemendaverndarráðs. Jafnframt skal stuðla að samráði við félagsþjónustu sveitarfélags og barnaverndaryfirvöld vegna málefna einstakra nemenda eftir því sem þurfa þykir.“

Í nemendaverndarráði starfa, skólastjóri, skólahjúkrunarfræðingur, fulltrúi Félags- og skólaþjónustu og einn kennari skólans. Auk þess sitja einstaka fundi kennarar eða aðrir sem til eru kallaðir eða hafa sjálfir óskað eftir að leggja mál fyrir fundinn. Mikilvægt er að nemendur geti leitað til kennara og annarra starfsmanna skólans með vandamál sín. Lipurt upplýsingastreymi og samræmi í aðgerðum getur skipt sköpum um líðan nemenda.

## Námsmat

Námsmat er órjúfanlegur hluti af skólastarfinu og er vinna nemenda metin reglulega, hvoru tveggja í gegnum formlegt og óformlegt mat. Formlegu námsmati er ætlað að veita leiðbeinandi upplýsingar um námsframvindu einstakra nemenda og nemendahópa og kanna hvort markmiðum námskrár sé náð. Tilgangur námsmats er einkum þríþættur:

að örva og hvetja nemendur

að veita nemendum, foreldrum þeirra og forráðamönnum upplýsingar um námsgengi

að veita skóla upplýsingar sem gagnast við frekari skipulagningu náms.

Megintilgangur námsmats er að afla upplýsinga sem hjálpa nemendum við námið, örva þá og hvetja til að leggja sig betur fram. Námsmat á að veita nemendum, foreldrum þeirra, kennurum, viðtökuskólum og skólayfirvöldum upplýsingar um námsgengi nemenda.

Námsmat skal vera fjölbreytt og meta ólíka þætti náms s.s. þekkingu, leikni og hæfni en jafnframt ber að koma til móts við nemendur með sértæka námsörðugleika. Það er gert með aðlögun námsmats að sérþörfum þeirra s.s. lengdum próftíma, sérhönnuðum prófum, sérhæfðri aðstoð, notkun hjálpargagna og munnlegu námsmati. Gert er ráð fyrir að kennarar meti framgang náms jafnt og þétt allt skólaárið og noti til þess fjölbreyttar matsaðferðir.

Sjálfsmat eða jafningjamat nemenda, en slíkar aðferðir henta vel til þess að auka ábyrgð nemenda á eigin námi, jafnframt því að virkja nemendur í umræðum um eigin skilning og framfarir.

Mat kennara á vinnu, virkni og hegðun nemenda í kennslustund og er þá notast við matslista eða annað skráningarkerfi.

Mat á fjölbreyttum verkefnum nemenda, sem reyna á ólíka hæfnisþætti náms. Verkefnin eru ýmist hópverkefni eða einstaklingsverkefni.

Kannanir; skriflegar, munnlegar og/eða verklegar, sem gefa til kynna hvort nemendur hafi náð einstökum námsmarkmiðum.

Próf; skrifleg, munnleg og/eða verkleg, sem kanna hvort áfanga- eða árgangamarkmiðum sé náð.

Stöðluð skimunarpróf fyrir nemendur og nemendahópa, sem ætlað er að vera greinandi fyrir ýmiss konar frávík.

Samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 9. bekk en þeim er samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla 2011 ætlað að „...mæla hvort markmiðum aðalnámskrár hefur verið náð og gefa nemendum, foreldrum, starfsmönnum skóla og fræðsluyfirvöldum upplýsingar og viðmiðanir á landsvísu.“

Skólaárið skiptist í tvær annir og fær nemandi vitnisburð í lok þeirra. Í viðtölum við foreldra og nemendur a.m.k. tvisvar á vetri fer kennari yfir stöðu nemenda. Nemendur og foreldrar/forráðamenn fá að vita í upphafi annar hvernig námsmati verði háttað í hverri grein. Kennari í hverri grein ber ábyrgð á námsmati og prófagerð í viðkomandi grein.

## Vitnisburður

Nemendur fá vitnisburðarblöð tvisvar á ári.

Þar kemur fram hvernig þeir hafa staðið sig í náminu, mat á heimanámi, samskiptum og vinnubrögðum (símatið) og hvernig þeir hafa mætt í skólann.

Í 1. – 4. bekk eru einnig lagðar fyrir

- stafakannanir (heiti og hljóð stafa og skrift)
- lestrarkannanir (leshraði, lestækni og lesskilningur)
- kannanir sem fylgja námsefni í stærðfræði
- kannanir í íslensku og stærðfræði eru teknar í lok 3. og 4. bekkjar, sambærilegar samræmdum könnunarprófum fyrir 4. bekk.

Vitnisburður er eingöngu í formi leiðbeinandi umsagnar, undantekning eru niðurstöður kannana í íslensku og stærðfræði í lok 3. og 4. bekkjar, nemendur fá þá einkunn í tölustöfum til viðbótar. Umsagnir byggjast á stöðugu mati á vinnu nemenda yfir veturinn.

Einnig er gefin lestrareinkunn (leshraði og lestækni).

Í 5. – 10. bekk eru lögð fyrir próf í lok hvorrar annar. Prófin fara fram á kennsludegi. Í skólanámskrá er tekið fram í hvaða greinum prófað er. Í þeim greinum fá nemendur bæði próf- og annareinkunn. Í öðrum greinum eru gefnar annareinkunnir.

Annareinkunn er gefin í hverju fagi tvisvar á ári (um miðjan vetur og að vori).

Annareinkunn byggir á kaflaprófum, könnunum, ýmsum verkefnum og í henni er leitast við að meta vandvirkni, framfarir, vinnusemi, vinnubrögð, skipulagningu námsins, einbeitingu, samvinnu, frumkvæði o.fl. sem við á.

Skólaeinkunn er gefin í 10. bekk. Hún er meðaleinkunn úr fjórum einkunnum vetrarins í hverju fagi. Það er prófs- og annareinkunn að hausti og prófs- og annareinkunn að vori.

## Félagslífið

Nemendafélag Reykjahlíðarskóla samanstendur af fimm nemendum í 6.-10. bekk. Hver bekkur hefur einn fulltrúa og einn varafulltrúa. Fulltrúi 10. bekkjar er að jafnaði formaður nemendafélagsins.

Hlutverk nemendafélagsins:

Skipuleggja félagsstarf nemenda í 6.-10. bekk allt skólaárið,

- opin hús
- böll
- mývómót
- sjá um sjoppu á jólabingóí og páskabingóí Mývetnings

Sinna öllum undirbúningi fyrir þessa viðburði sem og frágangi.

Einnig er starfrækt sjoppuráð sem í sitja tveir nemendur. Sjoppustjóri er nemandi í 10. bekk og með honum er nemandi úr 9. bekk sem að ári verður sjoppustjóri.

Meginmarkmiðið með félags- og tómstundastarfi er að þroska félagslega færni nemenda á uppbyggilegan og heilbrigðan hátt.

Einn kennari hefur yfirumsjón með nemendafélaginu og félagsstarfinu.

### Skólaferðalag og fjáröflun

Fjáröflun nemenda er unnin af nemendum og foreldrum í 8.-10. bekk til að fjármagna skólaferðalag sem nemendur 9. og 10. bekkjar fara í á hverju vori.

### Mötuneyti

Öllum nemendum og starfsfólk skólans stendur til boða morgun- og hádegisverður og ávaxtastund tvisvar á dag. Mötuneytið er frítt fyrir alla nemendur og fer fram skráning í mötuneytið í upphafi skólaárs.

## III hluti. Reglur, stefnur og áætlanir

### Agamál

Samkvæmt reglugerð Mennta- og menningarmálaráðuneytisins nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum er það sameiginleg ábyrgð nemenda, starfsfólks og foreldra að tryggja nemendum öryggi, vellíðan og vinnufrið. Í reglugerðinni kemur fram að í hverjum grunnskóla skuli vera skólareglur sem skylt er að fara eftir. Einnig segir að nemendur eigi að fara eftir fyrirmælum kennara og starfsfólks skóla og fylgja almennum umgengnisreglum í samskiptum við starfsfólk og samnemendur.

Í Reykjavíðarskóla er markmiðið að nemendum og starfsfólki líði vel. Til að ná því markmiði er jákvæðum aga beitt. Við leitumst við að efla skólabrag sem einkennist af umhyggju, gagnkvæmri virðingu og því að bera ábyrgð á eigin gerðum.

## Skólareglur

Skólareglur Reykjavíðarskóla eru settar í samræmi við lög og reglugerð um aga í grunnskólum. Skólareglur eru endurskoðaðar reglulega.

Umsjónarkennarar skulu kynna nemendum sínum og forráðamönnum skólareglurnar og viðurlög við þeim.

Í lögunum segir: “Nemendum ber að hlíta fyrirmælum kennara og starfsfólks í öllu því er skólann varðar, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengnisvenjum í samskiptum við starfsfólk og skólasystkin. Ef hegðun nemanda reynist verulega áfátt, ber kennara hans að leita orsaka þess og reyna að ráða á því bót, m.a. með viðtölum við nemandann sjálfan og forráðamenn hans.“

Í reglugerð um skólareglur í grunnskólum segir m.a.: „Hver grunnskóli skal setja sér skólareglur sem skylt er að fara eftir. Skólastjóri, kennarar og aðrir starfsmenn, nemendur og forráðamenn þeirra skulu í sameiningu kosta kapps um að starfsandi og skólabragur í skólanum sé sem bestur og eiga skólareglur að stuðla að því. Forsendur góðs starfsanda eru vellíðan, gagnkvæmt traust, virðing og samábyrgð allra í skólasamfélaginu.“

***Til að öllum geti líðið vel í skólanum þurfum við að fylgja skólareglum Reykjavíðarskóla.***

### Almenn umgengni

- Við temjum okkur góða hegðun.
- Við förum eftir fyrirmælum.
- Við göngum vel um skólann og skólalóðina.
- Við göngum frá eftir okkur.
- Við geymum útifatnað í fatahengi.
- Við sleppum að vera með húfur/hettur í matsal.
- Við erum í snyrtilegum og hreinum fötum.
- Upplýsingaöflun, mynd og hljóðupptökur fara eingöngu fram með leyfi starfsfólks.
- Við óskum eftir samþykki foreldra fyrir myndbirtingu.

### Námið

- Við berum ábyrgð á eigin námi.
- Við mætum stundvíslega í kennslustundir.



- Við sinnum náminu með jákvæðum huga og nýtum tímann vel til náms.
- Við virðum vinnufrið í kennslustundum.
- Við sinnum heimanámi, skilum tímanlega – virðum skilafrest.

### Samskipti

- Við erum góðar fyrirmyndir.
- Við komum fram við aðra eins og við viljum að aðrir komi fram við okkur.
- Við sýnum virðingu, kurteisi og tillitssemi – og tilkynnum einelti.
- Við notum inniröddina alls staðar í skólanum.

### Hollusta og heilbrigði

- Við komum vel hvíld í skólann.
- Við sleppum sælgæti, gosdrykkjum og tyggjóí nema í félagsstörfum unglíngadeildar.
- Við sleppum alltaf orkudrykkjum.
- Við drögum úr matarsóun með því að skammta okkur hóflega.
- Við erum umhverfisvæn og flokkum samviskusamlega.

### Ábyrgð

- Við berum ábyrgð á eigin framkomu og hegðun.
- Hver og einn ber ábyrgð á persónulegum verðmætum sem hann kemur með í skólann.
- Við förum vel með eigin skólans og annarra.
- Við fáum leyfi ef við þurfum að yfirgefa skólalóðina.

### Réttindi og skyldur

- Við fylgjum skólareglum.
- Við förum eftir fyrirmælum kennara og starfsfólks í öllu sem skólann varðar.
- Við bætum tjón sem við höfum valdið á eigin skólans.
- Við neytum ekki vímuefna.

### Reglur um notkun snjallsíma

- Við slökkvum á símunum okkar og geymum þá alltaf í skólatöskunni nema kennari leyfi notkun þeirra.
- Sömu reglur gilda um símaúr.

### Skólalóð

- Við sleppum að nota reiðhjól, hlaupahjól, hjólabretti, skauta og vélknúin ökutæki á skólalóðinni á starfstíma skóla.

## Viðurlög

1. Kennari leitar orsaka vandans með viðtali við nemandann, hvetur hann til að bæta sig og gefur honum tækifæri til að tjá skoðanir sínar í málum sem hann varða og skal tekið réttmætt tillit til þeirra.

2. Kennari hefur samskipti við forráðamenn og hvetur þá til að aðstoða nemandann.
3. Kennari leitar aðstoðar skólastjórnenda og sérfróðra ráðgjafa skólans. Kennari upplýsir foreldra um stöðuna.
4. Skólastjórnandi heldur fund með foreldrum og nemanda þar sem hvatt er til umbóta og orsaka vandans leitað með viðtölum við nemandann og foreldra hans.
5. Skólastjórnandi leggur málið fyrir nemendaverndarráð ef málið er þess eðlis. Ávallt skal upplýsa foreldra ef um mál barna þeirra er fjallað í nemendaverndarráði.

Sérstaklega skal skoða:

- a. þroska nemandans, náms- og kennsluhætti, skólabrag, samsetningu námshópa
  - b. aðstæður í nemenda- og félagahópnum (umsjónarkennari, félagsmiðstöð, námsráðgjafi, skólahjúkrunarfræðingur)
  - c. samskipti kennara og nemenda og samskipti heimila og skóla.
6. Ef málið leysist ekki er óskað eftir aðstoð Skólaþjónustu Norðurþings, eða málið tilkynnt til barnaverndar eftir atvikum. Teymi er stofnað um málefni nemandans ef á þarf að halda. Fulltrúi skólans leiðir teymið.
  7. Teymi vinnur í málinu, eftir atvikum, með aðkomu skólaþjónustu og Keldunni. Fulltrúi skólans leiðir teymið nema annað sé ákveðið.

Möguleg inngríp, þegar almenn úrræði skólans hafa ekki dugað, er að:

- taka nemanda úr kennslustund og láta hann fást við önnur viðfangsefni það sem eftir lifir skóladags undir eftirliti starfsfólks skólans
- vísa nemanda úr kennslustund í ákveðinni námsgrein í annað úrræði innan skólans undir eftirliti starfsfólks skólans
- óska eftir að foreldrar sækji viðkomandi nemanda
- vísa nemanda um stundarsakir úr skóla að hámarki eina kennsluviku á meðan leitað er lausnar. Foreldrar geta komið fram athugasemdum og andmælum skv. 13.gr. stjórnisýslulaga nr. 93/1993
- vísa nemanda ótímabundið úr skóla ef nemandi veldur öðrum skaða eða eignatjóni. Leita skal allra leiða áður en þessi leið er farin. Skólastjóri tilkynnir skólanefnd ákvörðunina sem tryggir nemanda annað skólaúrræði innan þriggja vikna.

## Áfallaáætlun

Á síðustu misserum hefur áfallahjálp aukist verulega á Íslandi og annast hana sérhæft starfsfólk sem gott er að leita til. Verði barnið þitt fyrir miklu áfalli/ missi er nauðsynlegt að tilkynna það í skólann eins fljótt og kostur er, þótt leitað sé utan hans eftir aðstoð. Við umönnun barns í sorg eiga öll samskipti að vera opin og heiðarleg.

Í áfallateymi skólans eru skólastjóri, kennari, skólaliði og hjúkrunarfræðingur. Með teyminu starfa hlutaðeigandi umsjónarkennari. Áfallateymi getur leitað aðstoðar hjá presti, lögreglu, skólalækni, námsráðgjafa, sálfræðingi eða geðlækni.

### Skilgreining á áföllum í skóla

Nemandi, starfsmaður, forráðamenn eða systkini nemanda geta orðið fyrir alvarlegu áfalli. Slík áföll geta verið af völdum dauðsfalla, slysa, alvarlegra og/eða langvarandi veikinda, líkamsárása, náttúruhamfara, skilnaðar foreldra, kynferðislegrar misnotkunar, eineltis og annarra þátta sem samkvæmt mati áfallateymis veldur áfalli hjá nemanda.

### Starfshættir áfallateymis

Áfallateymi er ávallt til staðar og reiðubúið að veita hjálp þegar válegir atburðir snerta einhvern eða einhverja innan skólans. Áfallateymi starfar í algjörum trúnaði við skjólstæðinga sína og lætur ekki neinar upplýsingar frá sér nema í fullu samráði við viðkomandi aðila.

### Hlutverk áfallateymis

- Að sjá um að nemendur skólans fái viðeigandi aðstoð ef þeir verða fyrir áfalli.
- Að vera til staðar og reiðubúið að veita hjálp þegar einhver af kennurum eða öðru starfsfólki verður fyrir áfalli.
- Að bera aðgerðir skólans undir viðkomandi foreldra/starfsmann til samþykkis og hafa þá með í ráðum frá upphafi.
- Að hlúa að nemendum og starfsfólki skólans.

### Fyrstu viðbrögð vegna áfalls

Upplýsingar um áföll berist til skólastjóra eða staðgengils hans. Skólastjóri fái staðfestingu á áfalli hjá viðkomandi eða aðstandendum. Skólastjóri leitar leyfis hjá viðkomandi eða aðstandendum hans um að fjallað verði um málið í skólanum. Skólastjóri kallar áfallateymi saman, hugsanlega í samráði við aðstoðarfólk, ákveður fyrstu aðgerðir skólans og heldur fundi á næstu dögum svo oft sem þurfa þykir.

### Aðgerðir

- Ákveða verkaskiptingu, sjá um að almenn tilkynning berist til starfsfólks þegar það á við og fara yfir það hvernig skólinn hyggst taka á málum.

- Segja nemendum skólans frá atburðinum þegar það á við.
- Boða starfsfólk skólans til fundar í lok skóladags þar sem könnuð er líðan starfsfólks og rætt um aðgerðir skólans næstu daga.
- Athuga hvort málið snertir nemendur í fleiri en einum bekk.
- Að hafa samband við aðstoðarfólk ef með þarf.
- Að vinna með nemanda og/eða bekk eins lengi og þörf er á.
- Að ákveða hver sinnir eftirfylgd.
- Undirbúa endurkomu nemanda í skólann eftir missi eða áfall.
- Ræða atburðinn í bekkjum eða minni hópum og gefa þeim kost á að vinna með tilfinningar sínar .
- Að bjóða upp á einstaklingsviðtöl.
- Að gæta þess að álagið verði ekki of mikið á starfsfólk skólans.

### Aðgerðaráætlun gegn einelti/ofbeldi og félagslegri einangrun

Í Reykjahlíðarskóla er ekkert umburðalyndi við líkamlegu eða andlegu ofbeldi/einelti eða óréttlátri meðferð að neinu tagi. Aðgerðir gegn einelti og öðru ofbeldi er órjúfanlegur þáttur í að skapa nemendum öruggt umhverfi og taka til skólans í heild, einstakra námshópa og einstaklinga. Hver kennari ber ábyrgð á að framfylgja með virkum og ábyrgum hætti aðgerðaáætlun skólans gegn einelti og hvers kyns ofbeldi. Skólastjóri ber ábyrgð á að starfið sé samhæft. Nemandi á að geta treyst starfsfólki skólans til að grípa inn í aðstæður og skipta sér af sé þess þörf

Aðgerðaáætlun, viðbrögð og vinnuferli starfsfólks skólans gegn líkamlegu og andlegu ofbeldi/einelti nemenda, telst til forvarna í Reykjahlíðarskóla og er hluti af heildstæðri stefnu skólans á sýn og velferð barna [sjá hér](#). Með ofbeldi er átt við andlegt, líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi í öllum birtingarmyndum þess. Með forvörnum er stuðlað að góðri líðan nemenda, jákvæðri sjálfsmynd og lífsýn, heilbrigðum lífsháttum og jákvæðri hegðun.

Ofbeldi, einelti og annað andfélagslegt atferli er aldrei liðið í Reykjahlíðarskóla og er gripið til aðgerða samkvæmt viðbragðsáætlun ef grunur er um slíkt.

Einelti er endurtekin athöfn eða hegðun sem er til þess fallin að meiða, niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna eða ógna og valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að. Einelti getur birst bæði sem líkamlegt og andlegt ofbeldi. Líkamlegt ofbeldi kann að birtast í barsmíðum,

---

hrindingum, spörkum eða öðrum líkamsmeiðingum. Andlegt ofbeldi getur verið hótanir, stríðni, útilokanir og höfnun. Það getur birst í gegnum bein samskipti og/eða í gegnum netmiðla.

Sjá myndræna framsetningu á næstu bls.



# Aðgerðaáætlun gegn einelti/ofbeldi og félagslegri einangrun í Reykjahlíðarskóla

Lætur einhvern í skólanum vita

Nemandi

Lætur foreldri vita heima.

Fyllir út tilkynningu og afhendir umsjónarkennara eða skólastjóra

Lætur umsjónarkennara vita

Umsjónarkennari setur af stað vöktun og vinnur með málið samkvæmt vinnuferli

Ef málið leysist ekki skal vísa því til skólastjóra

Ef málið leysist ekki skal vísa því til nemendaverndarráðs

Ef málið leysist  
Ef málið leysist ekki þarf að leita eftir utanaðkomandi

### Einelti getur m.a. birst (listinn er ekki tæmandi)

- með baktali og/eða uppnefningum
- þegar reynt er að koma í veg fyrir að spjallað sé við eða vingast við ákveðna einstaklinga
- þegar hæðst er að öðrum t.d. vegna útlits, menningar, klæðnaðar, húðlitar, fötlunar....
- þegar viðhöfð eru illkvittin ummæli um einstakling hvort sem það er með beinum hætti eða á samfélagsmiðlum
- þegar settar eru myndir eða myndbönd af einstaklingi á netið s.s. samfélagsmiðla eða samskiptasíður
- þegar neitað er að vinna með ákveðnum einstaklingi í skólanum
- þegar eigur eru eyðilagðar viljandi
- með líkamlegum meiðingum t.d. sparkað, slegið, hrækt eða fellt.

### Möguleg einkenni eineltis

Einkenni eineltis geta verið mjög ólík milli einstaklinga. Hér eru talin upp nokkur einkenni sem geta verið vísbending um einelti þegar þau birtast ítrekað, eitt eða fleiri

- breytingar á skapi barns, jafnvel hegðunarerfiðleikar og þunglyndi
- tíður grátur, þarf lítið til að barnið fari að gráta
- breyttar matarvenjur, sem geta ýmist birst í ofáti eða lystarleysi
- lítið sjálfstraust, hræðsla og/eða kvíði, hugsanlega stam
- barnið kvartar mikið yfir líkamlegum kvillum eins og magaverk eða hausverk
- barnið virðist einangrað og einmana
- barnið er mikið eitt í skólanum, bæði í frímínútum og inni í kennslustofu
- barnið hræðist að fara eitt í og úr skóla
- barnið mætir oft of seint í skólann
- barnið neitar að fara í skólann
- barnið vill ekki taka þátt í félagsstörfum
- einbeitingarörðugleikar fara að gera vart við sig og námsárangur minnkar
- rifin föt eða skemmdar eigur
- líkamlegir áverkar sjást á barninu.

## Fyrirbyggandi aðgerðir gegn einelti

Til þess að fyrirbyggja einelti þarf samstillt átak og ábyrgð nemenda, forráðamanna og starfsmanna skólans. Miðlun góðra lífsgilda, regluleg fræðsla og umræður um eineltismál og afleiðingar þeirra eru nauðsynlegar. Allir þurfa að deila ábyrgð, sýna virðingu og láta sig líðan annarra varða.

Skólastarfið miðar að því að allir starfsmenn skólans, nemendur og forráðamenn geti unnið eftir sömu gildum sem stuðla að jákvæðum samskiptum og góðum skólabrag. Nemendur þjálfast í að vinna í hópum og sýna tillitssemi, virðingu, ábyrgð, sveigjanleika og umburðarlyndi. Markvisst er stuðlað að þátttöku allra í lýðræðislegu samstarfi sbr. stefnu um nemendalýðræði og stefnu um samskipti heimilis og skóla.

Beinar aðgerðir gegn einelti skulu m.a. felast í reglulegri fræðslu um eineltismál, bæði fyrir nemendur og starfsfólk t.d. með myndböndum, fyrirlesturum, umræðum og hlutverkaleikjum. Viðbragðsáætlun þ.m.t. möguleg einkenni eineltis og ofbeldis skal kynnt nemendum og starfsfólki a.m.k. árlega og af og til með áminningum s.s. í fréttabréfi skólans og með verkefnum nemenda. Reglulega eru gerðar úttektir á líðan nemenda og starfsfólks í skólanum þar sem meðal annars er spurt um einelti (skv. áætlunum um innra mat)

- umræður um samskipti í hverjum nemendahópi fara fram samkvæmt Jákvæðum aga þar sem rætt er um samskipti, hegðun, upplifanir, úrlausnir mála, skólareglur, agabrot, mistök og lausnaleyðir
- fræðsla um einelti og afleiðingar þess fer fram í hverjum nemendahópi a.m.k. einu sinni á skólaári og Dagur gegn einelti er hverju sinni nýttur til að vekja athygli á málefninu
- allt starfsfólk nýtir verkfæri jákvæðs aga til að þjálfa góð samskipti
- bekkjarsáttmáli/nemendasáttmáli/ eru gerðir á hverju hausti
- farið er yfir aðgerðaáætlun skólans við einelti/ofbeldi á starfsmannafundi á hverju hausti
- farið er yfir aðgerðaáætlun á haustfundum með foreldrum.
- líðankannanir eru lagðar fyrir tvisvar á skólaári, í október og febrúar/mars (skv. áætlun um innra mat) og leitað er nánari upplýsinga ef niðurstöður gefa vísbendingar um að einelti/ofbeldi eigi sér stað
- starfsfólk fær reglulega fræðslu skv. starfsþróunaráætlun um ofbeldishegðun og einelti og leggur sig fram við að greina mun á ærslafullum leik og ofbeldi/einelti



- starfsfólk sem fær grun um að einelti eða annars konar ofbeldi eigi sér stað skráir grun sinn á tilkynningarblað sem skilað er til umsjónarkennara eða skólastjóra og málið kannað í framhaldinu
- foreldrar láta vita ef þá grunar að ofbeldi/einelti eigi sér stað meðal nemenda og grunur um slíkt er skráður á tilkynningarblöð og málið kannað
- samstarf er milli skóla og íþróttafélags um samskipti nemenda.
- hlutverk eineltisráðs er að sjá um að taka saman gögn um fræðslu um ofbeldi/einelti sem fram fer á hverju skólaári, er til ráðgjafar um sérhvert mál sem upp kemur, yfirfer áætlun þessa reglulega.

## Viðbragðsáætlun/vinnuferli í eineltismálum

### Tilkynning um einelti/ofbeldi

- hver sá í skólasamfélaginu (nemandi, foreldri, starfsmaður) sem fær vitneskju/grun um að ofbeldi/einelti eigi sér stað skal gera grein fyrir málinu með því að láta umsjónarkennara eða skólastjóra vita, skrá skal tilkynningu um grun og upplýsingar skv. tilkynningarblaði
- starfsmenn skólans fá svo fljótt sem auðið er, helst samdægurs, tilkynningu um að könnun á hugsanlegu ofbeldi/einelti sé hafin og beiðni um að aukið eftirlit sé haft með samskiptum þeirra nemenda sem um ræðir
- starfsmenn fylgjast sérstaklega með hegðun, samskiptum og leik viðkomandi einstaklinga og veita daglega upplýsingar til umsjónarkennara viðkomandi nemenda
- umsjónarkennari og skólastjóri skipuleggja frekari könnun málsins sem felst í því að kanna líðan- og bekkjaranda, leggja fyrir tengsla- og/eða líðankönnun í nemendahópnum, leita upplýsinga hjá starfsfólki, ræða við valda nemendur, fara yfir fyrri líðan- og tengslakannanir
- umsjónarkennari og skólastjóri leita upplýsinga hjá foreldrum þolanda/polenda
- umsjónarkennari og skólastjóri leita upplýsinga hjá hugsanlegum gerendum ofbeldis/eineltis og hafa samband við foreldra.

Leiði könnun máls í ljós að ekki sé um einelti/ofbeldi að ræða er málinu lokið formlega með undirskrift foreldra/forráðamanna og gerðar viðeigandi ráðstafanir eftir eðli málsins. Ef í ljós kemur að um samskiptavanda er að ræða er unnið með viðkomandi aðilum og foreldrum. Í sumum tilfellum gæti þurft að fá aðstoð skólajónustu. Sé niðurstaðan ofbeldi/einelti er farið í næsta skref og úrvinnsla máls heldur áfram samkvæmt verkáætlun þessari.

### Úrvinnsla mála ef niðurstaða könnunar er ofbeldi/einelti, áreiti eða eitthvert annað brot

- ráðstafanir skipulagðar með foreldrum þolenda og gerenda á fundi með umsjónarkennara og skólastjóra
- allir foreldrar námshópsins eru látnir vita að einelti eða annars konar ofbeldi eigi sér stað í námshópnum og foreldrar kallaðir til samstarfs um umbætur
- einstaklingsviðtöl við þolendur þar sem þeir fá stuðning og eru hvattir til að láta vita ef atferlinu lýkur ekki, gerð er áætlun um eftirfylgd
- einstaklingsviðtöl við gerendur þar sem skilyrðislaust er farið fram á að áreiti/agabrot/einelti ljúki og gerendum veitt viðeigandi aðstoð til að bæta hegðun sína, gerð er áætlun um eftirfylgd
- bekkjarfundir þar sem samskipti eru rædd og nemendur hvattir til að tala um eigin líðan
- eftirfylgd þar sem skólastjóri eða umsjónarkennari hafa reglulegt samband við aðila sem tengjast viðkomandi máli, á fundi eða með símtali þar til mál telst leyst og einelti/ofbeldi á sér ekki lengur stað
- metið er hvort alvarleiki máls er það mikill að því skuli vísað til nemendaverndarráðs, Skólaþjónustu Norðurþings, heilsugæslu eða barnaverndar
- nemendaverndarráð getur leitað aðstoðar Skólaþjónustu Norðurþings
- takist ekki að finna fullnægjandi lausn með aðstoð skólaþjónustu er málinu vísað til fagráðs eineltismála hjá Menntamálastofnun
- máli er lokað í samstarfi við þolanda og forráðamenn með skriflegum hætti
- hvert einstakt mál er metið þegar því er lokið, hvernig ferlið gekk fyrir sig og hvernig viðbragðsáætlun nýttist við lausn máls.

Mál sem tengjast ofbeldi/einelti, hvort sem um grun eða staðfestingu er að ræða, eru skráð á sérstakt eyðublað. Skráningin er liður í að hafa yfirsýn yfir eðli og umfang slíkra mála í skólanum. Mikilvægt er að ljúka vinnu allra mála í samráði við forráðamenn, með skriflegum hætti.

### **Jafnréttisáætlun**

Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla frá árinu 2008 ber öllum fyrirtækjum og stofnunum sem hafa 25 starfsmenn eða fleiri að setja sér aðgerðabundna jafnréttisáætlun.

Markmiðið með lagaskyldunni er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni. Reykjahlíðarskóli fylgir einnig jafnréttisstefnu Skútustaðahrepps sem og aðalnámskrá grunnskóla og stefnir að því að efla trúarbragða-, jafnréttis-, einkalífs- og siðfræðslu á öllum stigum skólans.

Það er stefna Reykjahlíðarskóla að tryggja að konur og karlar njóti jafnréttis og að hver nemandi og starfsmaður sé metinn að verðleikum og sýni hverjir öðrum virðingu í samskiptum. Markmið stefnunnar er að jafna kjör og aðstæður karla og kvenna til menntunar og einnig að búa nemendur undir jafnrar þátttöku í samfélaginu. Hvers kyns kynbundin mismunun, kynbundið ofbeldi, kynbundin eða kynferðislegri áreitni er ekki liðin.

Með jafnréttisstefnunni lýsir Reykjahlíðarskóli vilja sínum til þess að jafna hlut ólíkra einstaklinga og vilja sínum til þess að bregðast við þeim aðstæðum sem benda til misréttis.

Unnið er markvisst gegn stöðluðum hugmyndum um hlutverk kvenna og karla. Skólinn leggur áherslu á það að vera til fyrirmyndar í jafnréttismálum.

### Stefnan

Jafnréttisstefna Reykjahlíðarskóla tekur til annars vegar nemenda og hins vegar starfsmanna. Aðgerðaráætlun Reykjahlíðarskóla skal endurskoða á þriggja ára fresti. Skal sú endurskoðun fara fram í maí og er á ábyrgð skólustjóra að hún sé endurskoðuð og kynnt.

### Nemendur

Með jafnréttisstefnu Reykjahlíðarskóla er leitast við að koma til móts við alla nemendur eins og hægt er, til þess að auka vellíðan og þroska á meðan á námi þeirra stendur.

### Aðstaða

Aðstaða nemenda til náms og annarrar starfsemi innan skólans skal vera jöfn óháð kynferði, kynhneigð, útliti, fötlun, trúarskoðun, fjölskylduforms eða uppruna.

Mikilvægt er að í náminu séu hlutir skoðaðir út frá mörgum sjónarhornum og að nemendum sé kennt að skoða námsefni og annað með gagnrýnum huga þannig að koma megi auga á og vinna gegn misrétti.

Jafnt aðgengi skal vera að upplýsingum um réttindi og skyldur nemenda og hið sama á við um námstilboð og aðstöðu til náms sem og aðgengi þeirra að heimildaöflun.

## **Kennsla og árangur**

Leitast skal við að beita fjölbreyttum kennsluaðferðum sem gagnast sem flestum og koma til móts við þarfir og getu hvers og eins.

Skoða skal námsárangur nemenda með sjónarhorni kynjanna og bregðast við ef misvægi er á.

Stúlkur og drengir fái jafn mikil tækifæri til að tjá skoðanir sínar.

Nemendum sé tryggður vettvangur til að koma fram með gagnrýni og ábendingar um það sem betur mætti fara í skólasamfélaginu.

Í skólanum sé tryggt að nemendur fái markvissa jafnréttisfræðslu.

Í skólanum skal námsefni vera þannig úr garði gert að það taki tillit til kynferðis, kynhneigðar, útlits, fötlunar, trúarskoðunar, fjölskylduforms eða uppruna.

Í náms- og starfsfræðslu eða ráðgjöf innan skólans skulu nemendur hljóta sömu fræðslu og ráðgjöf óháð kyni sbr. ákvæðis 23. gr. laga um jafnan rétt karla og kvenna nr.10/2008.

## **Einelti, kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni**

Nemendur Reykjahlíðarskóla eiga ekki að þurfa að þola áreitni sem birst getur í mörgum myndum svo sem kynbundnu ofbeldi, kynferðislegri áreitni, kynbundni áreitni eða einelti.

Nemendur eiga hvorki að þurfa að þola slíka hegðun af hendi samnemenda sinna né af starfsmönnum skólans. Slík hegðun er algerlega fordæmd og ekki liðin í skólanum.

## **Starfsmenn**

Leitast skal við að starfsmenn skólans verði meðvitaðir um jafnrétti og hvað það felur í sér.

Starfsfólk skal vera til fyrirmyndar í jafnréttismálum.

## **Ráðningar**

Jafnréttissjónarmið skulu höfð að leiðarljósi til jafns við önnur sjónarmið þegar ráðið er í stöður við skólann. Reykjahlíðarskóli vill jafna hlutföll í starfsliði skólans og stefnir að því að fjöldi kvenna og karla sé sem jafnastur. Í auglýsingum á vegum skólans eru bæði kyn hvött til að sækja um störf.

## **Launakjör**

Kynferði skal aldrei ráða launa- eða starfskjörum starfsmanna Reykjahlíðarskóla. Konur og karlar skulu njóta sömu launakjara og hafa jafna möguleika á launuðum aukastörfum innan skólans.

### **Starfsaðstæður og endurmenntun**

Aðgengi til vinnu og öll vinnuaðstaða starfsmanna skal vera á jafnréttisgrundvelli.

Námskeið verða, sem hluti af símenntunaráætlun skólans, í boði fyrir alla starfsmenn.

### **Samræming fjölskyldulífs og vinnu**

Starfsfólki Reykjahlíðarskóla er gert kleift að samræma vinnu og einkalíf. Það er gert meðal annars með sveigjanlegum viðverutíma ef starfið gerir slíkt mögulegt. Bæði körlum og konum er gert mögulegt að sinna tímabundinni fjölskylduábyrgð sem skapast af veikindum náinna fjölskyldumeðlima.

### **Einelti, kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni**

Fræðsla skal fara fram um einelti, kynbundið ofbeldi og kynferðislega og kynbundna áreitni.

Starfsfólk Reykjahlíðarskóla á ekki að þurfa að þola áreitni sem birst getur í mörgum myndum svo sem kynbundnu ofbeldi, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni eða einelti.

Starfsfólk á hvorki að þurfa að þola slíka hegðun af hendi nemenda né af starfsmönnum skólans.

Slík hegðun er algerlega fordæmd og ekki liðin í skólanum.

### **Aðgerðaáætlun**

Í aðgerðaáætlun Reykjahlíðarskóla vegna jafnréttisstefnu eru sett fram markmið og aðgerðir. Skólastjóri hefur umsjón með framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar. Þegar við á eru settir mælikvarðar um þann árangur sem stefnt er að. Lögð er áhersla á að velja mælikvarða sem gefa hugmynd um framvindu mála á hverju sviði fyrir sig.

### **Nemendur**

Hér verður greint frá aðgerðum sem snúa að nemendum Reykjahlíðarskóla.

### **Aðstaða**

Námsefni Reykjahlíðarskóla á ekki að mismuna nemendum.

<b>Verkefni</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>Tími</b>
Í náminu eru hlutir skoðaðir frá mörgum sjónarhornum og nemendum kennt að skoða námsefni og annað með gagnrýnum huga þannig að koma megi auga á og vinna gegn misrétti	Kennarar	Alltaf
Námsefni skal vera þannig úr garði gert að það mismuni ekki nemendum út frá kynferði, kynhneigð, útliti, fötlun, trúarskoðunum, fjölskylduforms eða uppruna	Kennarar	Alltaf

### **Kennsla og árangur**

Í Reykjavíðarskóla er fjölbreyttum kennsluaðferðum beitt til þess að hægt sé að koma til móts við sem flesta nemendur.

<b>Verkefni</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>Tími</b>
Öllum nemendum gefinn kostur á að reifa skoðanir sínar varðandi hvers kyns Jafnréttismál á bekkjarfundum.	Kennarar.	Alltaf.
Niðurstöður samræmdra prófa og annars námsmats skoðaðar með tilliti til árangurs drengja og stúlkna.	Skólastjóri.	Eftir að niðurstöður samræmdra prófa berast

Námsgögn nemenda séu með þeim hætti að kynjum sé ekki mismunað.	Allir starfsmenn.	Alltaf.
Allir nemendur 9. og 10. bekkjar fái náms- og starfsfræðslu.	Náms- og starfsráðgjafi.	Á vorönn.
Aðgengi og aðbúnaður vegna fatlaðra nemenda sé gott. Óskað sé eftir úrbótum ef við á.	Húsvörður og skólastjóri.	Ágúst hvert ár.
Allir nemendur skólans fái jafnréttiskennslu .	Umsjónakennarar.	Samþætt öllum námsgreinum.

### Einelti, kynbundið ofbeldi og önnur áreitni

Nemendur Reykjavíðarskóla eiga ekki að þurfa að þola áreitni sem birst getur í mörgum myndum svo sem kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni eða einelti. Ef grunur er um einelti fer strax af stað vinna eftir Eineltisáætlun Reykjavíðarskóla.

Verkefni	Ábyrgð	Tími
Starfsmenn skólans fá fræðslu um vísbendingar og viðbrögð við kynbundnu ofbeldi og kynbundinni og kynferðislegri áreitni.	Skólastjóri	Alltaf
Ef grunur er um einelti fer strax af stað vinna eftir Eineltisáætlun Reykjavíðarskóla.	Eineltisteymi.	Eins fljótt og auðið er eftir að grunur kemur upp.

Ef grunur er um kynbundið ofbeldi, kynbundna eða kynferðislega áreitni er málinu vísað til jafnréttisráðs Reykjahlíðarskóla.	Jafnréttisráð.	Eins fljótt og auðið er.
--	----------------	--------------------------

### Starfsmenn

Hér verður greint frá aðgerðum sem snúa að starfsmönnum Reykjahlíðarskóla

Starfsfólk skal vera til fyrirmyndar í jafnréttismálum.

Verkefni	Ábyrgð	Tími
Fræðsla og umræður um jafnrétti í skólanum	Skólastjóri	Á starfsmannafundi í byrjun skólaárs eða á a.m.k. 3 ára fresti.

### Ráðningar

Reykjahlíðarskóli vill jafna hlutföll í starfslíði skólans og stefnir að því að fjöldi kvenna og karla sé sem jafnastur

Verkefni	Ábyrgð	Tími
Öll störf sem losna eru auglýst og bæði kyn hvöt til að sækja um	Skólastjóri	Alltaf

### Launakjör

Starfsmenn Reykjahlíðarskólaskulu njóta jafnra launakjara



Verkefni	Ábyrgð	Tími
Karlar og konur njóta sömu launakjara	Skólastjóri eða trúnaðarmenn.	Alltaf

### Starfsaðstæður og endurmenntun

Aðgengi til vinnu og öll vinnuaðstaða starfsmanna skal vera á jafnréttisgrunnvelli.

Verkefni	Ábyrgð	Tími
Fræðsla og umræður um jafnrétti í skólanum fari fram með tilliti til aðgengis til vinnu og vinnuaðstöðu.	Skólastjóri	Á starfsmannafundi í byrjun skólaárs.

### Samræming fjölskyldulífs og vinnu

Starfsfólki Reykjahlíðarskóla skal gert kleift að samræma vinnu og einkalíf.

Verkefni	Ábyrgð	Tími
Starfsfólki gert mögulegt að sinna tímabundinni fjölskylduábyrgð sem gæti skapast.	Skólastjóri, trúnaðarmenn	Alltaf

### Einelti, kynbundið ofbeldi og önnur áreitniog áreitni

Starfsfólk Reykjahlíðarskóla á ekki að þurfa að þola áreitni sem getur birst í ýmsum myndum svo sem kynbundnu ofbeldi, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni eða einelti.

Verkefni	Ábyrgð	Tími
----------	--------	------

Fagmenn fengnir til þess að leiðbeina starfsfólki Reykjavíðarskóla um hvernig megi fræða nemendur skólans um jafnréttisstefnuna.	Skólastjóri	Á fræðslufundi eða á starfsmanna fundi a.m.k. 3 ára fresti.
Liggi grunur um einelti, kynbundið ofbeldi eða áreitni skal fara eftir viðbragðsáætlun í 4. kafla um einelti, kynbundið ofbeldi og kynferðislega áreitni í Mannauðshandbók Skútustaðahrepps.	Skólastjórnendur eða trúnaðarmen	Alltaf

Aðgerðaráætlun þessi var samþykkt: 4. október 2018 og skal því vera tekin til endurskoðunar í október 2021.

## Öryggis- og slysavarnir

### Óveður

Ef veður er svo slæmt að foreldrar treysta börnum sínum ekki í skólann ber þeim að tilkynna það.

Þegar skólahaldi er aflýst vegna veðurs er hringt heim til allra nemenda að morgni dags. Skólastjóri og skólabílstjórar taka ákvörðun um það í sameiningu. Foreldrum er alltaf heimilt að hafa börn sín heima ef veður er slæmt en ber að tilkynna það til skóla

Ef veður versnar mikið eða veður útlit er það slæmt að ástæða þykir að stytta skólann, hringir starfsfólk í foreldra/forráðamenn og skólabílar keyra nemendur heim.

### Neyðarkort

Allir nemendur skólans eiga neyðarkort hjá skólastjóra. Á það eru skráðar upplýsingar svo hægt sé að ná í aðstandendur sem fyrst ef eitthvað kemur upp á, s.s. slys eða ofnæmi.

## Slys

Við minniháttar slysum fá nemendur aðhlyningu hjá skólahjúkrunarfræðingi eða öðru starfsfólki skólans. Þegar um alvarleg slys er að ræða er haft samband við foreldra eða þann sem skráður er á neyðarkort. Í einstaka tilfellum getur þurft að fara með nemendur strax til læknis. Starfsmaður sem verður vitni að alvarlegum slysum útfyllir slysaskráningarblað og skýrslu til tryggingarfélags.

## Móttökuáætlun nemenda

Elsti árgangur leikskólans Yls kemur í reglulegar skólaheimsóknir yfir veturinn. Á haustönn kemur hann einu sinni í heimsókn í skólann. Á vorönn eru skipulagðar heimsóknir einu sinni í mánuði. Í maí er tveggja daga heimsókn áður en grunnskólaganga hefst. Nánari útfærsla er í höndum umsjónarkennara 1. og 2. bekkjar sem annast undirbúning og skipulag heimsókna. Starfsmaður leikskóla fylgir hópnum í fyrstu heimsókn og er til taks ef á þarf að halda. Hópurinn tekst á við skóladaginn eins og hann gæti orðið næsta haust og kynnist flestum verkefnum sem tekist er á við á venjulegum skóladegi svo sem íslensku, stærðfræði, frímínútum, íþróttum og listum. Móttökuáætlun nemenda úr leikskólanum er endurskoðuð í desember ár hvert á sameiginlegum fundi skólastjóra leik og grunnskóla, umsjónarkennara í 1. bekk og kennara skólahóps og sérkennurum. Þá er farið yfir dagskrána og nýjar dagsetningar sendar til foreldra. Leikskólinn sér um að kynna dagskrána fyrir foreldrum barnanna. Á fundi í janúar er farið yfir niðurstöður prófa og greininga og nemendur kynntir. Ef þurfa þykir eru boðaðir fleiri fundir. Í lok maí er skilafundur með sömu aðilum þar sem starf vetrarins er endurskoðað.

Að öðru leyti á gátlisti úr móttökuáætlun nýrra nemenda hér fyrir neðan við um þegar skólaganga nemenda í 1. bekk hefst að hausti.

Nýir nemendur eru velkomnir. Þeir hitta skólastjóra og umsjónarkennara, skoða skólann og fara yfir helstu atriði er varða upphaf skólagöngu.

Góð samskipti foreldra og skóla eru grundvallaratriði þegar tryggja þarf öryggi barna. Þar sem foreldrar og skóli bera sameiginlega ábyrgð á öryggi barnsins á leið í og úr skóla er mikilvægt að kynna fyrir foreldrum hvaða öryggisreglur gilda í skólanum og hvernig heimilið og skólinn geta hjálpast að við að framfylgja þeim til að tryggja börnum hámarksöryggi.

Mikilvægt er að aðrir nemendur fái tækifæri til að bjóða nýja nemendur velkomna. Umsjónarkennari undirbýr móttökuna með bekknum. Ekki er síst mikilvægt að undirbúa nemendur vel sé nýr nemandi að bætast í hópinn á miðju ári. Nýir nemendur hitta samnemendur í kennslustundum og fara í frímínútur, þeir eru boðnir velkomnir af kennara og bekkjarfélögum.

Foreldrar eru ávallt velkomnir í skólann og lögð er áhersla á að foreldrar séu vel upplýstir um hvernig aðlögunin gengur.

### Umhverfisstefna

Reykjahlíðarskóli leggur áherslu á að nemendur og starfsfólk beri virðingu fyrir umhverfinu og leggi sitt að mörkum til að vernda það og náttúruna. Til að framfylgja því tekur skólinn þátt í verkefninu Skóli á grænni grein, sem er alþjóðlegt verkefni til að auka umhverfismennt og styrkja umhverfisstefnu í skólum. Þeir skólar sem vilja komast á græna grein í umhverfismálum leitast við að stíga skrefin sjö. Þegar því marki er náð fá skólarnir leyfi til að flagga Grænfánanum næstu tvö ár en sú viðurkenning fæst endurnýjuð ef skólarnir halda áfram góðu starfi.

#### Markmið verkefnisins er að:

- bæta umhverfi skólans, minnka úrgang og notkun á vatni og orku.
- efla samfélagskennd innan skólans.
- auka umhverfisvitund með menntun og verkefnum innan kennslustofu og utan.
- styrkja lýðræðisleg vinnubrögð við stjórnun skólans þegar teknar eru ákvarðanir sem varða nemendur.
- veita nemendum menntun og færni til að takast á við umhverfismál.
- efla alþjóðlega samkennd og tungumálakunnáttu.
- tengja skólann við samfélag sitt, fyrirtæki og almenning.

## Endurmenntunaráætlun starfsfólks Reykjahlíðarskóla

Nauðsynlegt er að starfsmenn sækji sér viðbótarþekkingu á þeim sviðum sem líkleg eru til að auka hæfni þeirra í starfi. Endurmenntun starfsmanna er ein af forsendum góðs skólastarfs. Starfsmenn þurfa að sækja um fjárveitingu til skólastjóra sem metur umsóknirnar og úthlutar eftir þörf skólans. Skólinn greiðir ferðastyrk á námskeið sem nemur flugfari á fjarlægja staði, að öðru leyti er greitt kílómetragjald. Uppihald, þátttökugjald og gisting er greidd samkvæmt reikningi.

Lögð er áhersla á að styrkja endurmenntun starfsmannahópsins og einstaklinga innan hans við þróunarvinnu. Áhersla er lögð á að starfsmenn geti sótt tilfallandi fræðslufundi og ráðstefnur á skólatíma. Æskilegt er að fleiri en einn starfsmaður sækji hvert námskeið til að styrkja breytingarferlið í kjölfarið.

Ætlast er til að starfsmenn, sem sækja endurmenntun á vegum skólans, segi samstarfsmönnum frá námskeiðinu á sérstökum fundum eða skili skólastjóra skýrslu, sem aðrir starfsmenn hafa aðgang að. Þetta er gert m.a. til að miðla fróðleikum til skólasamfélagsins og skapa þannig skilyrði til að festa jákvæðar breytingar í sessi.

## Tengsl skóla við nærsamfélagið og hvernig nýta má það til náms og þroska

Í Reykjahlíðarskóla er lögð áhersla á góð tengsl við nærsamfélagið. Nærsamfélag skóla er annars vegar landfræðilegt þ.e. náttúran og nánasta umhverfi skólans og hins vegar félagslegt þ.e. samskipti við fjölskyldur, félög og stofnanir.

Áhersla er lögð á það í Reykjahlíðarskóla að umhverfi skólans sé notað á markvissan hátt. Útikennsla í þemavinnu er einn liðurinn í að ná fram því markmiði. Fjölbreytt náttúran í umhverfi skólans býður upp á endalaus möguleika til náms.

Umhverfismál s.s. sorpflokkun, endurnýting og umhverfisvernd er ein af undirstöðum skólastarfsins og er skólinn einn af mörgum Grænfánaskólum landsins

Árangursríkt skólastarf byggir á góðri samvinnu og gagnkvæmu trausti heimilis og skóla. Forráðamenn eru ætíð velkomnir í skólann og eru þeir hvattir til að fylgjast vel með námi og starfi barna sinna í skólanum. Kynningarfundum fyrir forráðamenn, sem haldnir eru á hverju hausti, er ekki síst ætlað að styrkja sambandið milli heimilis og skóla. Við skólann er starfrækt

foreldrafélag. Einnig eiga fulltrúar foreldra og aðili úr grenndarsamfélaginu sæti í skólaráði skólans.

Í Mývatnssveit er starfrækt íþróttafélagið Mývetningur. Það hefur um margra ára skeið séð um íþróttæfingar af ýmsum toga fyrir börn og unglunga. Samvinna milli skólans og íþróttafélagsins t.d. íþróttaskóli fyrir yngstu bekkina tvisvar í viku. Nemendur geta nýtt sér heimakstur með skólabíl þegar hentar.

Skólinn nýtur sérfræðipjónustu frá Skólaþjónustu Norðurþings. Markmið þjónustunnar er að veita markvissa og heildtæka þjónustu á þverfaglegum grunni til að mæta þörfum barna og fjölskyldna þeirra. Sérfræðingar skólaþjónustunnar veita margháttaða ráðgjöf og þjónustu við skólann. Í ráðgjöf og þjónustu felast sálfræðilegar athuganir og ráðgjöf, ráðgjöf vegna sérkennslu, kennslu- og leikskólaráðgjöf, unglunga- og félagsráðgjöf.

Samstarf er við Tónlistarskóla Mývatnssveitar. Nemendur eiga kost á að sækja tónlistartíma á skólatíma í samráði við kennara. Um er að ræða einkatíma eða hópæfingar.

Samstarf Reykjavíðarskóla við leikskólann YI í Reykjavíð hefur verið reglulegt í gegnum tíðina. Nemendur leikskólans hafa heimsótt skólann einu sinni til tvisvar í mánuði. Að vori koma þau í lengri heimsókn. Heimsóknir þessar eru til að undirbúa þau fyrir væntanlega skólagöngu.

### Nám að loknum grunnskóla – tengsl við framhaldsskóla

Við lok grunnskólans er mikilvægt að nemendur þekki námsleiðir framhaldsskólanna og hvaða kröfur eru gerðar.

Áhersla er lögð á að nemendur hafi fengið leiðsögn og fræðslu um:

- skipulagningu tíma og áætlanagerð
- leiðsögn og fræðslu um vinnubrögð í námi
- áhugasvið sitt
- náms- og starfsval og fræðslu um nám, störf og atvinnulíf
- flutning milli skólastiga og kynningu á framhaldskólum
- vinnubrögð í námi s.s. skipulagningu náms, námsvenjur, lestraraðferðir, glósugerð og minnistækni
- prófundirbúningi

- nám og störf í samfélaginu
- einstaklingsmiðaða ráðgjöf við val á framhaldsnámi ef þess er óskað.

### Kynning á framhaldsskólum

Nemendum í 10. bekk stendur til boða að heimsækja framhaldsskóla á skólaárinu.

Námsráðgjafar skólanna taka á móti nemendum og kynna fyrir þeim framhaldsskólakerfið s.s áfangakerfi og bekkjarkerfi. Nemendur fá ítarlega kynningu á námsbrautum og inntökuskilyrðum skólanna ásamt kynningu á félagslífi viðkomandi skóla.

### Sveigjanleg skólaskil

Grunnskólanemendur eiga rétt á að stunda nám í einstökum námsgreinum á framhaldsskólastigi meðan þeir eru í grunnskóla enda hafi þeir sýnt fullnægjandi færni. Skólastjóri í grunnskóla veitir þeim heimild til slíks náms utan skólans samkvæmt viðmiðum sem sett skulu í aðalnámskrá.

### Brautskráning úr grunnskóla áður en 10 ára skyldunámi er lokið

Foreldrar geta óskað eftir því við skólastjóra grunnskóla að barn þeirra sé útskrifað úr grunnskóla áður en 10 ára skyldunámi er lokið, telji foreldrar að viðkomandi nemendur hafi forsendur til að innritast í framhaldsskóla. Skólastjóri skal ráðfæra sig við umsjónarkennara nemendanna og sérfræðipjónustu sveitarfélagsins áður en hann tekur ákvörðun í málinu. Skólastjóri metur hvenær nemandur hafi lokið grunnskólanámi og ber ábyrgð á útskrift þeirra úr grunnskóla. Nemendum ber að ljúka öllu skyldunámi samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla með framúrskarandi árangri áður en þeir útskrifast þaðan, samanber eftirfarandi viðmið:

- nemendur uppfylli viðmið með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár með framúrskarandi árangri,
- nemendur hafi fengið náms- og starfsráðgjöf,
- skólastjóri, umsjónarkennari og sérfræðipjónusta telji útskrift ráðlega,
- nemendur hafi félagsþroska til að takast á við félagslegt umhverfi framhaldsskóla.

Nemendur sem ekki hafa lokið grunnskólanámi geta þó hafið nám í framhaldsskóla samhliða í samráði við foreldra, viðkomandi framhaldsskóla og viðkomandi sveitarfélag, þar sem ljóst sé hvernig námið er formlega metið. Samkvæmt lögum um grunnskóla er gert ráð fyrir að nánar sé samið um framkvæmd og fyrirkomulag milli hlutaðeigandi grunn- og framhaldsskóla.

Ákveði skólastjóri að synja foreldrum um útskrift úr grunnskóla áður en 10 ára skyldunámi er lokið geta foreldrar kært þá synjun til Mennta- og menningarmálaráðuneytis sem úrskurðar í málinu.

## Áætlanir um umbætur og þróunarstarf

### Skólar á grænni grein

Skólar á grænni grein er alþjóðlegt verkefni til að auka umhverfismennt og styrkja umhverfisstefnu í skólum. Þeir skólar sem vilja komast á græna grein í umhverfismálum leitast við að stíga skrefin sjö:

- stofna umhverfisnefnd, sem starfar við skólann
- meta stöðu umhverfismála
- gera áætlun um aðgerðir og markmið
- sinna eftirliti og endurmati
- sinna námsefnisgerð og verkefnum
- að upplýsa og fá aðra með
- gera umhverfissáttmála.

Sjá nánar <http://landvernd.is/graenfaninn>

Þegar því marki er náð fá skólarnir leyfi til að flagga Grænfánanum næstu tvö árin en sú viðurkenning fæst endurnýjuð ef skólarnir halda áfram góðu starfi.

Markmið verkefnisins er að:

- bæta umhverfi skólans, minnka úrgang og notkun á vatni og orku
- efla samfélagskennd innan skólans
- auka umhverfisvitund með menntun og verkefnum innan kennslustofu og utan
- styrkja lýðræðisleg vinnubrögð við stjórnun skólans þegar teknar eru ákvarðanir sem varða nemendur



- veita nemendum menntun og færni til að takast á við umhverfismál
- efla alþjóðlega samkennd og tungumálakunnáttu
- tengja skólann við samfélag sitt, fyrirtæki og almenning.

### Jákvæður agi

Í starfi okkar leggjum við til grundvallar uppeldisstefnu sem nefnist Jákvæður agi (Positive Discipline). Stefnan byggir á sjálfsstjórnarkenningum, sem fela það í sér að horft er á orsakir hegðunar fremur en að reyna að breyta hegðuninni með umbun og refsingu. Jákvæður agi gengur út á það að móta skólabrag sem einkennist af umhyggju og byggist á gagnkvæmri virðingu, reisu, vinsemd og festu.

Jákvæður agi kennir félagsfærni og lífsleikni:

- meginreglur Jákvæðs aga hjálpa til við að byggja samband væntumþykju og virðingar og þær auðvelda að finna lausnir til frambúðar.
- jákvæður agi byggir á kennslu, skilningi, hvatningu og samskiptum.
- börn verða ábyrgðarfull ef þau fá tækifæri til að þroska félagsfærni sína í gegnum lífsleikni í andrúmslofti virðingar, góðvildar og festu. Jákvæður agi byggir á því að börn þroski og efli með sér færni í að finna lausnir og setja sér mörk í samvinnu við fullorðna.

### Heilsueflandi skólastarf

Menntun er mikilvæg forsenda heilbrigðis. Líkamlegt, andlegt og félagslegt heilbrigði og vellíðan er mikilvæg undirstaða góðs námsárangurs. Í aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 eru heilbrigði og velferð þess vegna skilgreind sem einn af sex grunnþáttum menntunar, sem grunnskólar eiga að hafa að leiðarljósi og innleiða í öllu sínu starfi. Embætti landlæknis, Velferðarráðuneytið og Mennta- og menningarmálaráðuneytið standa að þróunarstarfi um Heilsueflandi grunnskóla.

Þróunarstarfi Heilsueflandi grunnskóla er ætlað að styðja skóla í að vinna markvisst að heilsueflingu í sínu starfi og þar með uppfylla hlutverk sitt á sviði heilbrigðis og velferðar í samræmi við ákvæði þar um.

Sérstök áhersla er lögð á að vinna með átta lykilþætti sem tengjast skólastarfinu, þessir þættir eru:

- nemendur,
- nærsamfélag,

- hreyfing og öryggi,
- mataræði og tannheilsa,
- heimili,
- geðrækt,
- lífsleikni
- starfsfólk.

#### Heilsueflandi grunnskóli:

- stuðlar að góðri heilsu og líðan nemenda og starfsfólks skólans
- bætir námsárangur nemenda
- örvar til þátttöku og ábyrgðar með virðingu fyrir lýðræðislegum vinnubrögðum og mannréttindum
- sér til þess að skólaumhverfið sé öruggt og hlúi að nemendum og starfsfólki skólans
- eflir nemendur í námi og félagslífi og til að vera virkir þátttakendur í hvoru tveggja
- tengir saman heilbrigðis- og menntunarmál
- tekur á heilsu og vellíðan alls starfsfólks skólans
- vinnur með foreldrum og sveitarstjórn
- fléttar heilsu og velferð saman við daglegt skólastarf, námskrá og árangursmat
- setur sér raunhæf markmið sem byggjast á nákvæmum upplýsingum og traustum vísindalegum gögnum
- leitast við að gera betur með því að fylgjast sífellt með, meta stöðuna og endurmeta aðgerðaáætlanir.

Þegar Reykjahlíðarskóli hóf að starfa í anda Heilsueflandi grunnskóla og var stofnaður stýrihópur sem heldur utan um starfið. Í honum eru einn kennari, einn úr hópi annarra starfsmanna, einn úr nærsamfélaginu, eitt foreldri og tveir nemendur.

## IV huti. Mat á skólastarfi

### Innra mat

Grunnskólalög kveða á um að hver grunnskóli meti með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Grundvallaratriði í innra mati er að það stuðli að umbótum sem bæta skólastarfið og efli

skólaþróun. Rannsóknir hafa leitt í ljós að innra mat er lykilatriði í umbótastarfi skóla. Innra mat Reykjavíðarskóla er fagleg ígrundun og greining á gögnum um starfið í Reykjavíðarskóla þar sem mat er lagt á hversu vel tekst að ná þeim gæðum og þeim árangri sem stefnt er að út frá fyrirfram ákveðnum viðmiðum. Skólar hafa val um aðferðir við mat á innra starfi skólans. Í Reykjavíðarskóla er unnið eftir ákveðnum römmum um sjálfsmat sem byggja á gæðaviðmiðum Mennta- og menningarmálastofnunar og sett eru fram í bæklingnum *Viðmið um gæði í skólastarfi fyrir ytra mat á grunnskólum* (útg. 2018). Innra mat Reykjavíðarskóla er í sífelldri þróun og samofið skólastarfinu út frá áherslupáttum sem Aðalnámsskrá grunnskóla, skólastefna Skútustaðahrepps og skólanámskrá Reykjavíðarskóla kveða á um.

Skólastjóri Reykjavíðarskóla er ábyrgur fyrir að innra mat sé viðhaft í skólanum. Innra mati er stjórnað af matsteymi sem er teymi úr starfsmannahópi skólans ásamt skólaráði en allir starfsmenn, foreldrar og nemendur eiga þátt í innra matinu. Starfsfólk, nemendur og foreldrar hafa sitt að segja um matið í gegnum starfsmannafundi, kennarafundi, nemendafundi og skólaráð. Leitað er til allra hópa þegar gagna er aflað og leitast er við að afla gagna með fjölbreyttum aðferðum s.s. vettvangsathugunum, rýnihópum, námsmati og líðan- og viðhorfskönnunum þar sem leitað er eftir skoðunum og reynslu nemenda, foreldra og starfsfólks á ákveðnum þáttum.

Langtímaáætlun innra mats er gerð til fimm ára þar sem tilteknir eru matsþættir fyrir hvert skólaár. Á hverju hausti er lögð fram í starfsáætlun nákvæm áætlun um innra mat skólaársins. Skýrsla um innra mat og umbótaáætlun eru unnar í kjölfar innra mats í lok hvers skólaárs og birtar á heimasíðu skólans. Í umbótaáætlun eru tilgreindar aðgerðir fyrir hvern umbótaþátt og markmið umbótanna. Tímasetning umbótanna er ákveðin og hver er ábyrgur fyrir framkvæmdinni. Starfsþróun kennara er hluti af umbótum og þess gætt að samræmi sé milli umbótaáætlunar og starfsþróunaráætlunar.

### Ytra mat

Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Sveitarfélög skulu fylgja eftir innra mati og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi. Ráðuneyti eða Menntamálastofnun í umboði þess annast greiningu og miðlun upplýsinga frá sveitarfélögum og með sjálfstæðri gagnaöflun. Ytra mat á starfi Reykjavíðarskóla fór síðast fram snemma árs 2019.